

# MARKAÐURINN



Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Miðvikudagur 3. október 2007 – 40. tölublað – 3. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

## Fjármálaeftirlitið Yfirtökureglur í brennidepli



## Staða sparisjóðanna Í ólgusjó breytinga



## Marel Með nýjungar í Bandaríkjunum



**BJÖRN RÚNAR GUÐMUNDSSON** Björn Rúnar er hagfræðingur og starfandi forstöðumaður greiningardeildar Landsbanka Íslands.

## Hliðrun en ekki þensla

Ákveðinn sveigjanleiki frá strangt skilgreindu verðbólgu-markmiði gæti verið réttlætunlegur, segir Björn Rúnar Guðmundsson, hagfræðingur greiningardeildar Landsbankans.

Í grein sem Björn Rúnar skrifar í Markaðinn í dag bendir hann á að hér hafi átt sér stað þjóðfélagsbreytingar sem beri í sér þenslueinkenni hagsveiflu. „Hin réttu hagstjórnarviðbrögð í þessum aðstæðum eru því ekki endilega aukið aðhald í peningamálum.“

Aukinheldur segir hann allt útlit fyrir að stór hluti erlends vinnuafns sem hingað hafi komið taki hér upp fasta búsetu, en það kalli á ýmiss konar framkvæmdir. Þá segir hann ljóst að næsta stóriðjuuppsveifla sé handan við hornið. Hér megi líkja ástandinu við „varanlega hliðrun á framboðs- og eftirspurnarhlið hagkerfisins í átt til aukinnar framleiðslugetu“.

**TrackWell**  
FORÐASTÝRING

Tíma- og verkskráning fyrir starfsmenn og tæki

[www.trackwell.com](http://www.trackwell.com)

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Næststærsti hluthafinn** | FL Group er orðið næststærsti hluthafinn í þýska bankanum Commerzbank eftir að hafa aukið hlut sinn úr 3,24 prósentum í 4,25 prósent.

**Hækka boðið** | Yfirtökutilboð Nasdaq- og Dubai-kauphallanna í OMX hefur verið hækkað um fimmtán prósent. Tilboðið hljóðar upp á 305 milljarða króna og styðja stjórnendur OMX það.

**Ný áætlun** | Félög sem skráð eru í íslensku kauphöllina geta fyrir lok þessa mánaðar fengið hlutabréf sín skráð í evrum, gangi eftir áætlunir OMX Verðbréfaskráningar Íslands og Seðlabanka Íslands.

**Gjaldeyrisviðskipti aukast** | Frá árinu 2004 hefur dagvelta gjaldeyris í heiminum aukist um sjötíu prósent. Dagveltan um þessar mundir nemur 195 þúsund milljörðum króna.



**Vilja breytingar** | FL Group hefur sent stjórn flugfélagsins AMR í Bandaríkjunum bréf og óskað eftir því að hún leiti leiða til að auka virði félagsins. FL Group er meðal þriggja stærstu hluthafa AMR.

**Selur EIBank** | Björgólfur Thor Björgólfsson seldi eignarhlut sinn í búlgarska bankanum EIBank fyrir um 195 milljónir evra. Hagnaður hans nemur um tólf milljörðum króna.

**Minni halli** | Vöruskiptahalli fyrstu átta mánuði ársins er um þriðjung minni en á sama tíma í fyrra. Hallinn nú er 66,5 milljarðar króna en var áður 103,8 milljarðar króna.

**Atorka kaupir** | Atorka hefur eignast um tuttugu prósent hlut í Shanghai Century Acquisition Corp sem skráð er á AMEX-markaðnum í New York. Heildarverð kaupanna er um tveir milljarðar króna.

# Með aðra þjóð á launaskrá

Erlendir starfsmenn íslenskra fyrirtækja í öðrum löndum eru næstum jafn margir öllu starfandi fólki hér á landi.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson  
skrifar

Erlendir starfsmenn íslenskra fyrirtækja sem eru með starfsemi erlendis eru næstum jafn margir öllu starfandi fólki hér á landi. Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækjunum þá eru tæplega 163 þúsund erlendir starfsmenn hið minnsta á launaskrá hjá íslenskum fyrirtækjum á erlendri grund. Til samanburðar voru rétt tæplega 170 þúsund starfandi karlar og konur hér á landi á síðasta ári. Þar af eru 17 þúsund erlendir ríkisborgarar á skrá hjá Vinnu- og atvinnuleysisráði.

Baugur Group, Bakkavör, Eimskip og Actavis standa langt fram úr öðrum íslenskum fyrirtækjum enda eru þau með stærstan hluta starfsemi sinnar utan landsteinanna. Um 67 þúsund manns vinna hjá Baugi, langflestir í Bretlandi og Danmörku. Bakkavör er með mjög litla starfsemi hér á landi. Starfsmenn Bakkavara á Íslandi eru einungis tuttugu talsins en þúsund sinnum fleiri í öðrum löndum, flestir í Bretlandi, um 12 þúsund, en afgangurinn dreifður í matvælaverksmiðjum fyrirtækisins í Frakklandi, Spáni, Belgíu og Kína. Eimskip er með þriðja mestan fjölda erlendra starfsmanna á skrá í öðru landi. Þeir eru um 14 þúsund talsins en flestir þeirra, 8.500 talsins, starfa hjá kæli- og vörugæmslunum fyrirtækisins sem fyrirtækið keypti nýverið

í Bandaríkjunum og Kanada. Þá starfa um ellefu þúsund starfsmenn hjá Actavis, flestir í Búlgaríu, eða um þrjú þúsund manns. Starfsmenn Actavis eru hins vegar mjög dreifðir enda félagið með starfsemi í 40 löndum.

Athygli vekur að félagið Nordic Partners situr í fimmta sæti yfir þau félög sem hafa flesta erlenda starfsmenn á launaskrá. Stærstur hluti af starfsemi félagsins er í Lettlandi og öðrum Eystrasaltsríkjum en stærstu eignir þess liggja á matvæla- og fasteignasviði auk þess sem það rekur einkabotuleigu. Þá festi félagið nýverið kaup á dönsku hótélkeðjunni Remmen Hotels, sem m.a. inniheldur glæsihótelíð D'Angleterre.

Talsvert færri starfsmenn eru hjá bönkunum. Flestir hjá Kaupþingi, um 2.500. Rúmlega eitt þúsund erlendir starfsmenn eru hjá hinum bönkunum tveimur, Glitni og Landsbankanum. Tölur eru engu að síður nokkuð áreiki, iðulega vantaldar enda oft á tíðum erfitt að halda utan um raunverulegan starfsmannafjölda sökum hraða í fyrirtækjakaupum og -sölum, svo ekki sé talað um fyrirtækjasamruna. Þá er fjöldi dótturfyrirtækja íslenskra fyrirtækja reknar sem sjálfstæðar einingar undir fyrirtækjahattinum í hverju landi fyrir sig. Starfsmennirnir sem falla í þann flokk teljast í hundruðum og eru ýmist ekki taldir til í gögnum fyrirtækjanna eða þá að fyrirtækin vilja ekki gefa upp fjöldann.

TÍU STÆRSTU	
Fyrirtæki	Erlendir starfsmenn
Baugur Group	67.000
Bakkavör	20.000
Eimskip	14.000
Actavis	11.000
Nordic Partners	7-8.000
Promens	5.400
Icelandic Group	4.600
Alfesca	3.400
Kaupþing	2.500
Glitnir	1.000

# Tískuveldin krafín útskýringa

Samkeppniseftirlitið hefur óskað upplýsinga um samstarf NTC og Haga með formlegu bréfi til félaganna. Búist er við svörum þeirra í næstu viku.

Í bréfi Samkeppniseftirlitsins til tískuveldanna NTC og Haga er óskað upplýsinga um samstarf félaganna. Eins og greint var frá í Markaðnum í síðustu viku hefur NTC opnað deild innan veggja Debenhams, sem er í eigu Haga. Þar hefur NTC til sölu mörg af sínum vinsælustu vörumerkjum. NTC og Hagar eru óumdeilanlega áhrifamestu fyrirtækin á íslenska tiskumarkaðnum. Hvort um sig reka þau í kringum tuttugu tiskuvöruslana. Samkeppniseftirlitið óskar

nú eftir sjónarmiðum keðjanna, upplýsingum um samninga og annað sem tengist samstarfinu. Svær fyrirtækjanna er að vænta í næstu viku.

Telji Samkeppniseftirlitið að nauðsynlegt sé að skoða samstarfið frekar kemur tíunda grein samkeppnislaga til skjalanna. Hún fjallar um samkeppnishamlandi samstarf fyrirtækja. Nægt getur að samvinna fyrirtækja sé á einhvern hátt samkeppnishamlandi, til að eftirlitið geti beitt tíundu greininni. Ger-

ist fyrirtæki brotleg er hægt að skikka þau til að láta af brotunum og leggja á þau sektir.

Guðmundur Sigurðsson, aðstoðarforstjóri Samkeppniseftirlitsins, tekur fram að þótt upplýsinga hafi verið óskað frá Högum og NTC geti allt eins verið að ekkert athugasemdi sé við þeirra samstarf. „Við teljum þó ástæðu til að kíkja á þetta, sérstaklega með hliðsjón af því að þetta eru stórir aðilar á íslenska markaðnum.“

- hhs / sjá miðopnu

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

ISK 14,4%\*

GBP 6,5%\*

DKK 4,4%\*

USD 5,4%\*

EUR 4,7%\*

CAD 4,2%\*

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.



Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útböðslýsingar og útdráttar úr útböðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

\* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. ágúst - 31. ágúst 2007.

## GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	-0,2%	50,6%
Bakkavör	1,2%	7,0%
Exista	8,4%	46,7%
FL Group	0,0%	-3,7%
Glitnir	5,3%	22,3%
Eimskipafélagið	1,1%	21,8%
Icelandair	2,5%	-2,9%
Kaupþing	2,9%	32,1%
Landsbankinn	2,1%	54,1%
Straumur	5,2%	16,7%
Teymi	1,0%	13,1%
Össur	2,8%	-10,2%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

## Jón Diðrik ráðinn til starfa hjá REI

Vinnur að afmörkuðum verkefnum með fyrrum samstarfsmanni hjá Glitni.

Jón Diðrik Jónsson hefur verið ráðinn til starfa hjá Reykjavík Energy Invest (REI). „Ég mun taka þátt í afmörkuðum verkefnum fram að áramótum,“ segir hann spurður um starfið.

Jón Diðrik starfaði áður hjá Glitni með Bjarna Ármannssyni, stjórnarformanni Reykjavík Energy Invest. Í febrúar á þessu ári varð hann forstjóri Glitnis á Íslandi. Var sú ákvörðun hluti af frekari skipulagsbreytingum innan bankans.

Í lok apríl síðastliðinn var svo tilkynnt að Bjarni Ármannsson myndi hætta sem bankastjóri. Lárus Welding settist í forstjórastólinn eftir að hafa starfað í Landsbankanum í London. Búist var við breytingum í æðstu



stjórn bankans í kjölfarið og nýir menn kæmu inn með nýjum forstjóra.

Mánuði seinna hættu tveir framkvæmdastjórnarbankans, þeir Tómas Kristjánsson og Finnur Reyf Stefánsson, og stofnuðu fjárfestingafélagið Siglu ehf. Hinn 1. ágúst síðastliðinn hætti Jón Diðrik í Glitni að eigin ósk að því er fram kom í tilkynningu frá bankanum. Mun hann því starfa með Bjarna Ármannssyni og öðrum stjórnendum REI fram að áramótum.

-bg

**JÓN DIÐRIK JÓNSSON** Jón verður Bjarna Ármannssyni áfram innan handar á nýjum vettvangi.

## Ísland í 10. sæti

Ísland er í tíunda sæti yfir þau lönd þar sem auðveldast er að stunda viðskipti. Viðskipti ganga auðveldast fyrir sig í Singapúr, næst í Nýja-Sjálandi og í þriðja sæti eru Bandaríkin.

Hópur á vegum Alþjóðabankans mælir reglulega með aðstoð sérfræðinga í 178 löndum hversu auðveldlega viðskipti ganga fyrir sig. Ísland bætir sig mest á milli ára í flokki sem mælir vernd fjárfesta; til dæmis gagnsæi markaða, stöðu gagnvart stjórnendum fyrirtækja og möguleika til að leita réttar síns.

Sé einungis horft til smærra þjóða er Ísland í efsta sæti. -bg



NICK STAGG LENGSTIL HÆGRI ÁSAMT SIGURJÓNI ÁRNASYNI OG JIM RENWICK. Stagg hefur lítill áhyggjur af því að fyrrum starfsmenn Bridgewell hafi hætt störfum.

## Segir fréttir af flótta úr Landsbankanum ýktar

Forstjóri Landsbankans í London segir þrjá starfsmenn hafa hætt óvænt eftir yfirtöku bankans á Bridgewell.

Nick Stagg, forstjóri Landsbankans í London, segir fréttir í breskum fjölmiðlum af flótta starfsmanna úr herbúðum bankans stórlega ýktar. Aðeins þrjú starfsmenn hafi hætt óvænt en ekki tólf eða fleiri eins og sagði í frétt Financial News 1. október síðastliðinn.

Í fréttinni var því haldið fram að fjöldi fólks, sem áður vann hjá fjármálafyrirtækinu Bridgewell, hefði hætt eftir að Landsbankinn í London hefði lokið við að taka félagið yfir í ágúst. Þó um háa bónusa hefði ekki nægt til að halda fólkinu í starfi. Þetta

hefðu verið starfsmenn greiningardeilda og miðlara auk nokkurra stjórnenda sem voru þegar farnir. Einhverjir hófu störf í fyrirtækjum fyrrum stjórnenda Bridgewell eða hjá öðrum samkeppnisaðilum Landsbankans í London.

Nick Stagg segir að flestir af þeim sem fóru hefðu alltaf ætlað að fara eftir sameininguna. Það hefði því ekki komið á óvart og fréttin ýkt að því leyti að um fjöldaflotta væri að ræða. Þetta væri eðlilegt ferli þegar verið væri að sameina tvö fjármálafyrirtæki. -bg

## Gengi AMR gæti hækkað

Ábendingar FL Group til stjórnar AMR hafa skilað sér í jákvæðari umfjöllun greiningardeilda um félagið. FL Group á rúm ný prósent í AMR.

Þannig segir í nýrri greiningu frá Barron's að gengi bréfa félagsins gæti hækkað um allt að 50 prósentum. Í greiningunni er vísað til möguleika sem tengjast sölu á hluta af starfsemi AMR sem bæta myndi niðurstöðu efnahagsreikninga. FL Group sendi stjórn AMR í síðustu viku opið bréf þar sem félagið var hvatt til aðgerða í þessa veru, svo sem að skilja frá rekstrinum vildarklúbb félagsins, AAdvantage, en með því mætti auka virði AMR



BIÐ EFTIR FLUGI AMR, móðurfélag American Airlines, ætla fyrir áramót að greiða niður 545 milljóna dala skuld og létta með því á vaxtagreiðslum.

um allt að fjóra milljarða Bandaríkjadala.

Í greiningu Barron's er hins vegar vísað til þess að markaðir ytra hafi ekki trú á að stjórn AMR fari að ráðleggingum FL Group. Félaginu virðist engu að síður hafa tekist að vekja athygli á dulnum eignum innan AMR. Þá hefur AMR tilkynnt um aðgerðir til að létta á skuldum á þessum ársfjórðungi og létta vaxtagreiðslur um sem nemur 25 milljónum Bandaríkjadala. Eftir á að koma í ljós hvort aðrir hluthafar AMR leggist á árar með FL Group og þrýsti á um stefnu-breytingu hjá stjórninni. -óká

# Íslensk félög lækka meira en norræn

Úrvalsvísitalan hér kemur verst út í samanburði norrænu OMX-kauphallanna á þriðja ársfjórðungi. Vísitalan fór yfir níu þúsund stig á fjórðungnum og endaði undir átta þúsundum.

Óli Kristján Ármannsson  
skrifar

Lækkun á gengi hlutabréfa helstu fyrirtækja var mest hér í samanburði norrænna kauphalla OMX-kauphallasamstæðunnar á þriðja ársfjórðungi. Hér lækkaði úrvalsvísitalan (OMX Iceland 15) um 3,87 prósent innan fjórðungsins. Á sama tíma hækkaði vísitala 20 helstu fyrirtækja í Kaupmannahafnarkauphöllinni um 3,35 prósent. Vísitala 25 helstu fyrirtækja kauphallarinnar í Stokkhólmi var sú eina sem lækkaði líka, um 2,66 prósent.

Ársfjórðungurinn ber raunar mark af þeim miklu hræringum sem urðu á alþjóðlegum fjármálamörkuðum með lausafjárþrengingum í kjölfar vandamála tengdum „undirmáslánum“ (eða sub-prime lánum) í Bandaríkjunum. Þannig hækkaði gengi úrvalsvísitölnunnar hér framan af fjórðungi og náði hámarki í

rúnum 9.016 stigum 20. júlí. Þá hafði hún hækkað um tæp níu prósent frá byrjun fjórðungsins. Frá þeim tíma og til loka fjórðungsins lækkaði úrvalsvísitalan um 11,52 prósent, endaði í tæpum 7.978 stigum.

Valdimar Halldórsson, sérfræðingur greiningardeilda Glitnis, bendir á að í raun sé munurinn ekki ýkja mikill á milli kauphallanna. „Ein skýring gæti verið að íslenski markaðurinn er háður færri félögum,“ segir hann og bendir á að einstök félög vegi þungt í vísitölnunni. „Fjárfestingarfélag eru næmari fyrir hvers kyns sveiflum og hafa áhrif,“ segir hann og telur að skýringin liggja að stærstum hluta til í því að markaðurinn hér sé hvorki jafnstór né dreifður og hinna. „Og þótt sveiflan sé heldur meira niður á þriðja fjórðungi gæti hún líka verið meira upp á þessum. En þetta er svoltið sveiflukennt hjá okkur þegar markaðurinn er háðari fáum stórum félögum.“

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeilda Kaupþings, segir að auk áhrifa af samsetningu vísitölnunnar hér hafi aðallega áhrif tveir þættir sem ýtt hafi undir meiri lækkun í kauphöllinni hér en í hinum norrænu kauphöllum. Í annan stað bendir hann á að hér hafi hækkuð um 10 prósent frá árinu 2006 en í hinum kauphöllum. Þannig



KAUPHÖLL OMX Í KAUPMANNAHÖFN Ef bornar eru saman „úrvalsvísitölur“ norrænu OMX-kauphallanna var hækkuðin á þriðja ársfjórðungi mest í Kaupmannahöfn, en lækkun varð mest hér. Á móti kemur að verð hlutabréfa hefur hvergi hækkað meira frá áramótum en hér. MARKAÐURINN/OMX

nemur árshækkun úrvalsvísitölnunnar hér rúnum 24 prósentum í lok þriðja ársfjórðungs. „Við þetta myndast meira svigrúm til lækkunar. Hinn þátturinn held ég að hafi verið krónan. Við sjáum sífellt aukna fylgni milli krónunnar og hlutabréfa. Krónan féll á sama tíma og hlutabréfaverð og eykur að mínu mati sveiflurnar á hlutabréfunum.“

## Traustur grunnur til framtíðar

Heildarvöxtur markvörðis félaga innan OMX Nordic Exchange er meiri en hjá nokkurri af hinum sex stærstu kauphöllum Evrópu, fór úr 797 milljörðum evra í 1.083 milljarða evra. Þetta er meðal upplýsinga sem kauphallarsamstæðan tók saman í tilefni af ársafmæli Nordic Exchange í gær.

Þórður Friðjónsson, forstjóri íslensku OMX kauphallarinnar, segir þetta fyrsta ár innan Nordic Exchange hafa verið markaðnum hér mjög hagfelld, skráðum félögum hafi fjölgað úr 24 í 29 og dagleg velta með hlutabréf aukist úr 7,5 milljörðum í 13,1

milljarð. „Við höfum lagt traustan grunn að framtíðinni. Þetta felur í sér mikil tækifæri til sóknar fyrir íslensk fyrirtæki og fjárfesta,“ segir hann.

Í tilkynningu Kauphallarinnar kemur meðal annars fram að á þessu ári hafi heildarmarkaðsvirði félaga hér aukist um rúm 28 prósent, úr 2.479 milljörðum í tæpa 3.173 milljarða. Þá var júlí veltumesti mánuður Kauphallarinnar frá upphafi með 749,6 milljarða króna heildarveltu. Hinn 23. ágúst síðastliðinn náði svo Kauphöllin því marki að hafa velt meiru á þessu ári en allt árið í fyrra. -óká

## HVENÆR SEM ER

Upplýsingar af fjármálamarkaðnum í símann þinn með því að tengjast <http://m.mentis.is>

© Mentis 2007

mentis HUGBÚNAÐUR



ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI  
á <http://m.mentis.is>

MARKAÐSVAKTIN  
mobile





# Nú er tækifærið!

**SPRON, í samstarfi við Þróunarbanka Evrópu CEB og Norræna fjárfestingarbankann NIB, býður konum með mótaða og samkeppnishæfa viðskiptaáætlun, hagstætt athafnalán\* til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd.**

**Fáðu aðstoð hjá viðskiptastjórum SPRON**  
og draumurinn gæti orðið að veruleika!



75 ára



\*Háð útlánareglum SPRON

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á [spron.is](http://spron.is)

## Starfsmenn bíða og sjá

Viðræður standa enn milli Stork N.V. í Hollandi, breska fjárfestingarsjóðsins Candover og LME, eignarhaldsfélags Eyris Invest, Landsbankans og Marels. Heimildir Markaðarins segja fyrri yfirlýsingar um niðurstöðu fyrir miðjan þennan mánuð standa.

Óvissa um framtíðarstefnu Stork hefur getið af sér nokkurn titring í Hollandi. Þannig lögdu starfsmenn niður störf dagsstund eftir að fregnir bárust af því að stjórn Stork útilokaði ekki lengur að matvælavinnsluvélahluti samstæðunnar yrði seldur. LME, sem er langstærsti hluthafi Stork með yfir 43 prósentu

hlut, hefur um árábil þrýst á samruna Stork Food Systems og Marel Food Systems, og ganga viðræður félaganna að hluta út á hvernig hann geti orðið að veruleika. Candover hafði áður lagt fram yfirtökutilboð í allt félagið en dró það til baka þegar ljóst var að LME myndi ekki ganga að því. Starfsmenn létu af aðgerðum eftir viðræður við LME, sem þeir sögðu hafa verið uppbyggilega. Þá hafa samtök starfsmanna einnig átt í viðræðum við bandarísku fjárfestingarsjóðina Centaurus og Paulson sem saman fara með um þriðjungs hlut í Stork.

- óká

## Lykilstjórnandi hættir í Askar

„Ég get ekki tjáð mig um þetta að svo stöddu,“ segir Sigurður H. Kiernan verkfræðingur, sem hefur hætt störfum hjá fjárfestingarbankanum Askar Capital.

Sigurður var flokkaður sem einn af lykilstjórnendum bankans og var framkvæmdastjóri fasteignaráðgjafar, sem er sívaxandi svið innan bankans. Hann segir einn annan starfsmann hafa hætt á sama tíma og hann.

Tryggvi Þór Herbertsson, forstjóri Askar Capital, sagði að ávallt kæmi maður í manns stað. Margir hefðu hafið störf frá því bankinn var stofnaður, en aðeins

örfáir hætt. Það væri eðlilegur hlutur í fyrirtæki sem verið væri að byggja upp. Að öðru leyti vildi hann ekki tjá sig um mál einstakra starfsmanna.

Sigurður var forstöðumaður hjá Landsbanka Íslands áður en hann réði sig sem framkvæmdastjóra hjá fjárfestingarfélaginu Aquila Venture Partners (AVP) seint á árinu 2006. Í desember sama ár var svo tilkynnt um að AVP myndi sameinast öðrum félögum undir merkjum Askar Capital.

Sigurður hætti störfum í ágúst. Hann sagðist ekki geta sagt hvað

tæki við. Hann neitaði því að vera að fara í rekstur með þeim starfsmanni sem var honum samferða út úr Askar Capital.

-bg

TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON



## Lokka neytendur í könnun

Tólf hundruð Íslendingar hafa fengið bréf frá Hagstofu Íslands þar sem þátttöku þeirra í útgjalda-könnun heimilanna er óskað. Þeir sem taka þátt geta valið á milli nokkurra veglegra gjafa. Í boði eru meðal annars þráðlaus sími, blandari og tímabundnar áskriftir af tímaritum útgáfufélagsins Birtings.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni hefur það tíðkast í nokkur ár að bjóða neytendum þakklætisvott fyrir að taka þátt í könnuninni. Það er sagt skipta sköpum fyrir svörum. Að baki sé líka



NEYSLA Þeir sem taka þátt í útgjalda-könnun Hagstofunnar þurfa að halda heimilisbókhalda í tvær vikur.

töluverð vinna. Allir á heimilinu þurfi að færa heimilisbókhalda í tvær vikur, auk þess að fá spyril Hagstofunnar í heimsókn og segja honum nánar frá óreglulegri útgjöldum heimilisins.

Þrátt fyrir fríðindin fer þeim fækandi sem samþykkja þátttöku. Um síðustu aldamót var svarhlutfallið um sextíu prósent en einungis fimmtíu prósent í fyrra. Þetta er áhyggjuefni á Hagstofunni, enda gegnir könnunin

lykilhlutverki í að uppfæra grunninn fyrir útreikning á vísitölu neysluverðs.

- hhs



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ VILL AUKNA UMRÆÐU UM YFIRTÖKUR FYRIRTÆKA Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Saga Capital, tók dæmi af tveimur málum sem komið hafa á borð yfirtökunefndar. Í öðru þeirra var því haldið fram að yfirtökuskylda hefði myndast „óvart“. Hlynur Jónsson sagði reglur skýrar hér á landi í slíkum tilvikum. Mönnum bæri skylda til að gera yfirtökutilboð.

## Yfirtökureglur til skoðunar

Viðskiptaráðherra ætlar að láta yfirfara lög um verðbréfavíðskipti. Forstjóri Fjármálaeftirlitsins telur yfirtökumörkin of há.

Björgvin Guðmundsson  
skrifar

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins telur rétt að skoða hvort ekki sé ástæða til að lækka mörkin sem yfirtökuskylda í skráðum fyrirtækjum miðast við. Samkvæmt núgildandi lögum ber að gera hluthöfum yfirtökutilboð ráði einn aðili eða fleiri í sameiningu yfir 40 prósent í fyrirtæki.

„Það er erfitt að sjá forsendur fyrir herra viðmiði en 30 til 33,3 prósent,“ sagði Jónas Fr. Jónsson á ráðstefnu Fjármálaeftirlitsins um virkni og áhrif yfirtökureglna í gær. Af 25 ríkjum innan Evrópusambandsins væri einungis miðað við herra hlutfall en 33,3 prósent í fimm ríkjum. Alls staðar í Vestur-Evrópu væri miðað við 33,3 prósent eða lægra.

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra sagðist ætla að skipa nefnd á vegum ráðuneytisins til að yfirfara lög um verðbréfavíðskipti. Ýmsa þætti þyrfti að skýra betur eins og fram kom

á ráðstefnunni. Mun ráðherrann skipa fimm manna nefnd sem skila á álitum á næstu mánuðum.

Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Saga Capital, sagði á ráðstefnunni að yfirtökunefnd skorti nauðsynleg úrræði til að sinna hlutverki sínu sem eftirlitsaðili á markaðnum. Ákveðið skeytingarleysi ríkti gagnvart nefndinni og setja þyrfti lög um starfseminna. Skýrar reglur tryggðu vöxt markaðarins, sem dafnaði á trausti.

Hlynur Jónsson, sviðsstjóri verðbréfasviðs Fjármálaeftirlitsins, sagði ástæðu til að skoða hvort ekki ætti að heimila fjárfestum að selja í félögum færu þeir yfir yfirtökumörkin – að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Ekki væri svigrúm til þess samkvæmt gildandi lögum. Eignuðust aðilar yfir 40 prósent í félagi bæri þeim að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð innan fjögurra vikna. Hvergi í Evrópu væri heimilt að selja sig niður fyrir þau mörk án skilyrða.

### YFIRTÖKUSKYLDA

Af 25 ríkjum ESB hafa einungis fimm yfirtökuvíðmið sem er herra en 33,3%.

Tvö ríki með matskennd viðmið og ekki ákveðið hlutfall

Eitt ríki miðar við að yfirráð náist við 25 prósent

Ellefu ríki miða við að yfirráð náist við 30 prósent

Sex ríki miða við að yfirráð náist við 33,3 prósent

PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR

Sérfræðiaðstoð  
við fjárfestingar  
hringdu í síma  
444 7000

# Ávaxtaðu betur 15,5%\*

Kynntu þér kosti Peningamarkaðssjóða Kaupþings.

\*Nafnávöxtun í íslenskum krónum á ársgrundvelli fyrir tímabilið 31/08/07 - 28/09/07.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögnum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rými fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útbúum Kaupþings eða á www.kaupthing.is.

KAUPÞING

# Jólahlaðborð

með Stebba og Eyfa



Upplifðu jólastemninguna á Hilton Reykjavík Nordica þar sem **glæsilegt jólahlaðborð** í hátíðarsal svignar undan kræsingum. **Stebbi og Eyfi** sjá um að skapa rétta andrúmsloftið eins og þeim einum er lagið. Einnig bjóðum við gistingu á sérstöku jólaverði.

Nánari upplýsingar í síma 444 5052 eða [cb.reykjaviknordica@hilton.com](mailto:cb.reykjaviknordica@hilton.com)

  
**Hilton**  
Reykjavik Nordica

## Verð matvöru mun enn hækka

Hátt verð á hveiti og öðrum kornvörum vegna uppskerubrests á helstu uppskeruvæðum víða um heim samhlíða mikilli eftirspurn eftir korni og matvöru á nýmörkuðum, ekki síst í Suður-Ameríku og Kína, mun leiða til hás matvöruverðs næstu árin. Gangi verstu spár eftir helst matvöruverð hátt í áratug, að sögn bandaríska dagblaðsins Wall Street Journal sem bætir við að framvirk viðskipti með kornvöru á fjármálamarkaði muni síst draga úr verðlagi á kornvöru.

Blaðið bendir á að verð á bandarískum maís hafi hækkað um 45 prósent á þessu ári einu saman og sojabáunum um heil 75 prósent. Þá hefur kílóverð á hveiti rokið upp um 70 prósent frá sama tíma í fyrra.

Þessar miklu hækkanir hafa ekki einasta skilað sér í hærra verði á brauðmeti því verð á fugla- og svínafóðri hefur hækkað mikið. Það hefur svo leitt til þess að verð á fugla- og kjötafurðum hefur hækkað talsvert og mun haldast hátt næstu árin, að sögn blaðsins. -jnb

## Forstjóri Carnegie sagði upp

Stig Vilhelmson, forstjóri sænska fjármálfyrirtækisins Carnegie, hefur farið að kröfu sænska fjármálaeftirlitsins og sagt upp störfum vegna innherjasvika fyrirtækisins. Eftirlitið mælti sömu leiðis með því að stjórn Carnegie færi frá og ákvað að sekta fyrirtækið um 50 milljónir sænskra króna, jafnvirði 478 milljóna íslenskra króna, vegna málsins. Þetta er hæsta mögulega sekt sem sænskt fyrirtæki hefur fengið fram til þessa.

Fjármálaeftirlitið gerði húsleit í höfuðstöðvum Carnegie fyrir nokkru, handtók tvo starfsmenn og komst að því að þeir höfðu fálgað viðskipti upp á jafnvirði sex milljarða íslenskra króna á árabílinu 2005 til 2007. Viðlíka mál hefur aldrei áður komið á borð sænska fjármálaeftirlitsins.

Málið þykir einkar óþægilegt fyrir sænsku ríkisstjórnina en bankinn hefur verið ráðgjafi við einkavæðingarferli. Niðurstöðu er að vænta fyrir áramót. -jnb



**KÁTUR BANKASTJÓRI**  
Christian Clausen, forstjóri Nordea, hlær hér hressilega. Hann hefur ástæðu til þess en gengi bankans hefur hækkað talsvert upp á síðkastið. MARKAÐURINN/AFP

## SEB orðað við Nordeabanka

Sænski bankinn Skandinaviska Enskilda Banken (SEB) er sagður vera að íhuga að gera tilboð í tæpan fimmtungshlut sænska ríkisins í Nordea, stærsta fjármálfyrirtæki Norðurlanda, og bjóða í hann 138 sænskar krónur, 1.319 íslenskar, á hlut. Þetta mun vera um tuttugu prósentum yfir lokagengi bréfa í bankanum

undir lok síðustu viku.

Sænska dagblaðið Dagens Industri segir stjórnendur SEB hafi þegar viðrað málið við Wallenberger-stofnunina, einn af stærstu hluthöfum Nordea, en þeir eigi þó enn eftir að ræða við sænsku ríkisstjórnina.

Gengi beggja banka hækkaði hressilega í kjölfar fréttanna

undir lok síðustu viku og dró gengi annarra banka og fjármálfyrirtækja á Norðurlöndunum með sér í uppsveiflunni. Exista er eitt þessara fyrirtækja en félagið á fimmtungshlut í finnska fjármálfyrirtækinu Sampo Group, sem aftur er næststærsti hluthafinn í Nordea.

-jnb

# Pottþétt þar

## Farsælt samstarf AppliCon og SAP í 10 ár



AppliCon er hugbúnaðar- og ráðgjafaryrirtæki á sviði SAP og Microsoft lausna. AppliCon starfar í fjórum löndum og starfsmenn eru um 200. Hjá AppliCon á Íslandi starfa yfir 80 manns. SAP er stærsti framleiðandi viðskiptahugbúnaðarlausna í heiminum og þriðji stærsti sjálfstæði hugbúnaðarframleiðandinn. Nú starfa um 40.000 manns fyrir SAP í meira en 50 löndum.

## Tchenguiz í sóknarfæri

Vincent Tchenguiz, bróðir fasteignamógúlsins Roberts, stjórnarmanns í Exista, er sagður íhuga að kaupa ráðandi hlut og jafnvel rúmlega það í breska fasteignþjónustufyrirtækinu Erinaceous. Bræðurnir hafa um árabil hagnast vel á fasteignaviðskiptum í Bretlandi.

Félagið hefur átt við viðvarandi rekstrarörðugleika að stríða og tapaði 3,9 milljónum punda, tæpum hálfum milljarði króna, fyrir skatta og gjöld á fyrstu sex mánuðum ársins, sem er versta afkoma félagsins frá upphafi. Samhliða þessu hefur gengi félagsins hrúnið.

Í breska viðskiptablaðinu Financial Times er sagt að forsvarsmenn Erinaceous hafi rætt við aðra aðila um lausn á vanda fyrirtækisins en viðræðurnar hafi runnið út í sandinn áður en Tchenguiz kom til sögunnar.

Vincent segir hvorki af né á um næstu skref en hann muni taka ákvörðun um málið eftir að hann gluggi í bókhald félagsins.

- jnb

# Marel með nýjungar í Bandaríkjunum

Sýningarsalur í nýjum höfuðstöðvum Marel Food Systems vekur athygli. Fyrirtækið ætlar að draga úr vörusýningum og fljúga með viðskiptavinum til sín.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson  
skrifar

Marel Food Systems opnaði nýjar höfuðstöðvar fyrirtækisins með pompi og prakt í bænum Lenexa í Kansas í Bandaríkjunum í síðustu viku. Bygging höfuðstöðvanna er lokahnykkur í samþættingarferli Marel Food Systems eftir kaupin á breska matvælavinnsluframleiðandanum AEW Delford og danska fyrirtækinu Scanvaegt en fyrirtækin höfðu áður att kappi um markaðshlutdeild á svipuðum svæðum í Bandaríkjunum og Kanada. Í þessu augnamiði hefur skrifstofum allra fyrirtækja verið lokað og þau nú komin undir einn hatt.

Einar Einarsson, forstjóri Marel Food Systems í Bandaríkjunum, og Lárus Ásgeirsson, aðstoðarforstjóri Marel og forstjóri Scanvaegt, buðu gesti velkomna við formlega opnun síðastliðinn miðvikudag og fluttu þeir stutta tölu við opnunina áður en þeir klipptu á borða merktum Marel ásamt Michael A. Boehm, bæjarstjóri Lenexa.

Fulltrúar viðskiptavina Marel Food Systems og helstu fagtimarita í matvælaíðnaði vestanhafs voru viðstaddir opnunina. Á meðal þeirra voru forstjórar og fulltrúar einhverra stærstu matvælaframleiðenda á sviði nauta- og kjúklingakjöts í Bandaríkjunum, svo sem frá Standard Meat og Tyson Foods, sem framleiða meðal annars kjötvöru fyrir skyndibitakeðjuna McDonalds og verslanakeðjuna Wal-Mart.

Daginn eftir gafst viðstöddum kostur á að skoða tækin í fullum gangi í sérstöku sýningarrými sem fullnægir stöðlum um matvælaframleiðslu í Bandaríkjunum. Sýningarrými sem þetta þykir næsta einsdæmi í Bandaríkjunum. Stefnan er að bjóða viðskiptavinum fyrirtækisins að skoða vélarnar í sýningarrýminu, sem er með því besta sem völ er á enda hægt að stjórna hita- og rakastigi eftir hentugleika



FRÁ OPNUN HÖFUÐSTÖÐVANNA Einar Einarsson, forstjóri Marel Food Systems í Bandaríkjunum, flutti ávarp við formlega opnun nýrra höfuðstöðva fyrirtækisins í Bandaríkjunum.

svo þær líkist sem mest raunverulegum aðstæðum. Fyrirtæki geta sömuleiðis sent starfsfólk sitt í þjálfun á tækin í höfuðstöðvunum. Einar Einarsson segir sýningarsalinn lið í því að draga úr ferðum fyrirtækisins með tæki á vörusýningar þvert og endilangt um Bandaríkin en slíkt sé kostnaðarsamt.



AppliCon hefur fært íslenskum fyrirtækjum SAP-viðskiptahugbúnaðinn í tíu ár, með tilheyrandi þjónustu og sérþekkingu. Farsælt samstarf AppliCon og SAP byggist á reynslu, samskiptum og samaniögðum kostum þegar kemur að lausn stórra og smárra verkefna.

Við tökum áskorunum framtíðar fagnandi.

**AppliCon**

- frá áskorun til árangurs

# Líf í tískutuskunum

Íslenski tískumarkaðurinn hefur aldrei verið fjölbreyttari. Nýjar verslanir spretta upp og Íslendingar virðast geta tekið endalaust við. En nú eru blikur á lofti. Tískuveldin NTC og Hagar hafa fengið bréf frá Samkeppniseftirlitinu þar sem óskað er skýringa á nýtilkomnu samstarfi keðjanna. Kaupmenn sem *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* leitaði til segja samkeppnina harðari en nokkru sinni.

**Þær vörur sem seldar eru á fatamarkaðnum eru meira og minna innfluttar. Þær ættu því að taka á sig sömu gengissveiflur og aðrar vörur. Verð á fatnaði hefur hins vegar verið nokkuð stöðugt og frekar farið lækkandi. Það getur verið vísbending um mikla samkeppni.**

Íslenski tískuvörumarkaðurinn hefur tekið stakkaskiptum á undanförunum árum. Ekki einungis þar sem alþjóðlegar keðjur hafa haldið innreið sína á markaðinn, heldur einnig vegna þess að innlendum tískuvöruverslunum af öllum stærðum og gerðum hefur fjölgað verulega. Smærri verslanir sem selja íslenska sem erlenda hönnunarvöru í dýrari kantinum dafna vel. Þær virðast falla vel í kramið, bæði hjá nýjungagjörnum Íslendingum og erlendum ferðamönnum. Þá má ekki gleyma verslunum með gömul fót sem lifa góðu lífi og blanda nú oft en ekki íslenskri hönnun við vöruframboð sitt, með góðum árangri.

Þessar verslanir er fyrst og fremst að finna í miðbæ Reykjavíkur. Í verslunarmiðstöðvunum styrkja hins vegar stærri aðilar tískumarkaðarins stöðu sína. Stærstu keðjurnar opna nýjar verslanir hver í kapp við aðra í Kringlunni og í Smáralind. Og íslenski markaðurinn virðist geta tekið endalaust við.

#### NTC OG HÖGUM SENT BRÉF

Tvö fyrirtæki gnæfa yfir hin í stærð og umsvifum. Keðjurnar NTC og Hagar reka hvor um sig um tuttugu verslanir á höfuðborgarsvæðinu, flestar þeirra í Kringlunni og Smáralind. Þessi félög eru óumdeilanlega áhrifamest á íslenska fatamarkaðnum.

Eins og greint var frá í Markaðnum í síðustu viku opnaði NTC nýverið deild innan Debenhams, sem er í eigu Haga. Það vakti spurningar um hvort eðlilegt sé að tveir af stærstu keppinautum á markaðnum vinni saman með þeim hætti.

Samkeppniseftirlitið hefur skrifað NTC og Högum bréf þar sem óskað er frekari upplýsinga um samstarfið. Í bréfi eftirlitsins er óskað eftir sjónarmiðum tískukeðjanna svo og upplýsingum um samninga og annað sem tengist samstarfinu. Svára er að vænta í næstu viku.

Telji Samkeppniseftirlitið að nauðsynlegt sé að skoða samstarfið frekar, kemur tíunda grein samkeppnislaga til skjalanna. Hún fjallar um samkeppnishamlandi samstarf fyrirtækja og tekur meðal annars til þess þegar keppinautar á sama sölustigi koma sér saman um verð eða skipta upp mörkuðum. En hún getur verið enn víðtækari en það. Nægir að samvinna fyrirtækjanna sé á einhvern hátt samkeppnishamlandi, til að eftirlitið geti beitt tíundu greininni.

#### EKKI UNDIR SMÁSJÁNNI

Guðmundur Sigurðsson, aðstoðarforstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir eftirlitið ekki fylgjast nánar með tískumarkaðnum en öðrum. Síðast hafi hann verið tekinn sérstaklega til skoðunar þegar Hagar keyptu félög in Res og Íshöfn sem áttu Karen Millen, Warehouse, Shoe Studio, Whistles og All Saints annars vegar og Oasis, Coast og Changes hins vegar. „Þá töldum við, eftir ítarlega skoðun, ekki ástæðu til að hafa nein afskipti af þeim samrunum. Við máttum stöðuna svo að ekki væri um markaðsráðandi stöðu að ræða,“ segir Guðmundur. „Að öðru leyti höfum við ekki beint sjónum okkar sérstaklega að þessum markaði.“ Hann tekur fram að þótt óskað

hafi verið eftir upplýsingum frá Högum og NTC, geti allt eins verið að ekkert óeðlilegt sé við þeirra samstarf. „Við teljum þó ástæðu til að kíkja á þetta, sérstaklega með hliðsjón af því að þetta eru stórir aðilar á íslenska markaðnum.“

#### HÖRD SAMKEPPNI Á ÍSLANDI

Öllum þeim kaupmönnum sem leitað var til eftir álit um stöðuna á íslenska tískumarkaðnum ber saman um að á Íslandi ríki mikil og hörð samkeppni. Breytingar á vísitölu neysluverðs annars vegar og útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands hins vegar eru helstu heimildir Hagstofunnar um verðþróun hér á landi. Þær benda báðar til þess að kaupmennirnir hafi rétt fyrir sér.

Þannig hefur hlutfall eyðslu heimilanna í skó og fót farið lækkandi á undanförunum árum. Árið 2005 eyddi meðalfjölskyldan, sem er tveir og hálfur einstaklingur, um 16.500 krónum á mánuði í fót og skó á Íslandi. Nýrri tölur eru ekki komnar fram en samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni voru þær á svipuðu röli á síðasta ári, þrátt fyrir tölurverðar verðhækkningar á öðrum neysluvörum.

Verð á fötum og skóm hefur því ekki hækkad í sama hlutfalli og aðrar neysluvörur. Að sögn Guðrúnar Jónsdóttur, sérfræðings hjá Hagstofu Íslands, má hugsanlega rekja það til þess að samkeppni hafi verið mikil á markaðnum. „Þær vörur sem seldar eru á fatamarkaðnum eru meira og minna innfluttar. Þær ættu því að taka á sig sömu gengissveiflur og aðrar vörur. Verð á fatnaði hefur hins vegar verið nokkuð stöðugt og frekar farið lækkandi. Það getur verið vísbending um mikla samkeppni.“

Þróun á vísitölu neysluverðs bendir í sömu átt. Milli maímánaða 2006 og 2007 voru verðhækkningar á skóm og fatnaði 3,7 prósent en al-

## Minnkandi umsvif ekki í spilunum

Óhætt er að segja að Hagar, sem eru í eigu Baugs Group, séu áhrifamestir á íslenska tískuvörumarkaðnum. Þeir eru þó tiltölulega nýir þar en allt fram á síðasta ár létu þeir helst til sín taka á almennum fatamarkaði. Í dag á félagið og rekur tískuverslanirnar Debenhams, Karen Millen, All Saints, Warehouse, Top Shop, Zara, Oasis, Dorothy Perkins, Coast, Evans og Jane Norman.

Gerður Ríkharðsdóttir, framkvæmdastjóri sérvörusviðs Haga, segir íslenskan tískuvörumarkað bæði stóran og fjölbreytilegan. „Íslendingar sem fara til útlanda sjá það svart á hvítu að það munar ekki svo miklu á verði hér og erlendis. Ef þú ferð í Zöru í London er nákvæmlega sama verðið og hérna heima, að viðbættum virðisaukanum.“ Hún segir samkeppnina ekki síst koma að utan en hún sé einnig mikil meðal verslana hér á landi. Þjónustan sem í boði er á Íslandi er að hennar mati almennt betri en gengur og gerist erlendis, sem kemur ekki síst til vegna virkrar samkeppni hér á landi.

Gerður segist ekki sjá fyrir sér að fari að hægja á þeim miklu umsvifum sem einkennt hafa íslenskan tískumarkað að undanförunu. „Það hlýtur einhvern tímann að verða metun á



**GERÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR** Framkvæmdastjóri sérvörusviðs Haga býst ekki við því að umsvif á íslenskum tískumarkaði muni minnka í náninni framtíð. MARKAÐURINN/PIJETUR

markaðnum. En það er alveg örugglega ekki komið að því ef marka má nýleg umsvif á tískumarkaðnum og þau sem fyrirhuguð eru. Við erum til dæmis að opna nýja Top Shop í þessum mánuði og munum opna Dayverslun í Kringlunni í nóvember.“

## Mikil gróska í tískubrönsanum

NTC rekur átján tískuvöruverlanir á höfuðborgarsvæðinu; í Smáralind, Kringlunni og á Laugaveginum. Þar að auki er félagið með sérleyfis-samninga við verslanir á Akureyri, í Keflavík og á Akranesi. Samstæðan bætir sífellt við sig í veltu og fjölda verslana auk þess að reka öflugra heildsölu sem þjónustar verslanir um allt land.

Svava Johansen, eigandi og forstjóri NTC, segir samkeppnina á íslenska tískumarkaðnum mjög virka, þótt greinileg tilhneiging sé til þess að fyrirtæki í tískubrönsanum verði stærri og reki fleiri verslanir. „Það er dýrt að reka eina verslun. Með því að reka fleiri verslanir næst fram hagræðing sem gerir fyrirtækjum kleift að bjóða betra verð og vera samkeppnishæfari. Það er staðreynd að verð á Íslandi hefur lækkað svaklega undanfarin ár. Það er bein afleiðing af aukinni hagræðingu og mikilli samkeppni.“

Hún bætir við að smærri verslunum sem standa einar og sér hafi líka fjölgað verulega. „Það þarf ekki annað en að ganga niður Laugavegin til að sjá að það er mikil gróska í þessum bransa. Auðvitað eru nokkrir stórir aðilar á markaðnum hér, eins og í öllum borgum. En smærri og sér-



**SVAVA JOHANSEN** Forstjóri og eigandi NTC segir greinilega tilhneingingu til að félög í íslenskum tískubrönsa verði stærri. Þó lífi smærri og sérhæfðari verslanir einnig góðu lífi. MARKAÐURINN/HÖRÐUR

hæfðari verslunum hefur líka fjölgað hratt. Margar þeirra eru að gera það mjög gott.“



Danfoss



## Þráðlaus þægindi frá Danfoss

Gólfhiti - einfaldari en nokkru sinni fyrr  
Þráðlausar gólfhitastýringar  
Háþróaðar en einfaldar  
Við erum leiðandi í hönnun og  
framleiðslu gólfhitastýringa

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

# verk að vinna

MÍÐVIKUDAGUR 3. OKTÓBER 2007

Starfsmenn tóku  
fyrstu stunguna  
Bílabúð Benna rís á nýjum  
stað á Krókhálsi BLS. 4



FRÉTTABLAÐIÐ/SVA



# 130 m á hæð

„GP kranar eiga á annan tug bílakrana af öllum stærðum og gerðum. Við eigum að baki langa og farsæla vinnu fyrir fjölda fyrirtækja á Íslandi og þegar við þurfum fjármögnun er Lýsing það fyrirtæki sem besta þjónustu veitir. Starfsfólk Lýsingar sinnir þörfum viðskiptavina sinna.“

Gunnþór Kristjánsson forstjóri, GP krana

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsníðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

  
**LÝSING**

LYSING.IS // 540 1500

## HVAÐ ER VERIÐ AÐ BYGGJA?

Purrsteypa er notuð í botnplötuna hérlendis, sem er nýjung. Auk þess er stálgrind hússins laus við krossa. Grindin er því bæði léttari og ódýrari.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



## Verslunarhúsnæði í Garðabæ brátt risið

Byggingaframkvæmdir standa nú yfir á 6.000 fermetra verslunarhúsnæði við Miðhraun 2 í Garðabæ. Að sögn Ásgeirs Hlöðverssonar, verkefnastjóra hjá verkkaupanum Smáragarði, gætit ýmissa nýjunga við gerð þess.

„Við erum með þurrsteypu í botnplötunni, sem er laus við járnabindingu og nýjung hérlendis,“ útskýrir hann. „Það sem gerir þetta líka sérstakt er að platan er mjög stór, eða 3.000 fermetrar. Hún er keyrð með vörubílum og völtuð á. Danskir og þýskir sérfræðingar munu síðan nota sérstök tæki til að flota plötur um tvo cm.“

Ásgeir segir þessa aðferð njóta vaxandi vinsælda hérlendis við gerð atvinnu- og verslunarhúsnæðis. Smáragarður noti hana í öll sín verk og aðrir verkkaupar séu þegar farnir að tileinka sér hana.

Hann bendir á að þetta sé þó ekki eina nýjungin þar sem stálgrindin í húsinu, sem kemur frá Byko, sé laus við alla krossa. „Fyrir vikið er grindin því bæði léttari og mun ódýrari en almennt tíðkast, þar sem maður kaupir stálið í krónu per kíló,“ segir hann.

Þá eru forsmíðaðar einingar frá Lettlandi skrúfaðar beint inn í timbursúlurnar og fyrir vikið tekur uppsetningin ekki nema á bilinu fjórar til fimm vikur.

Fjöldi aðila kemur að verkinu. Ris ehf. er aðalverktaki, Skap og Skerpa arkitektar, VG hönnun annast burðarþol og pípulagnir, Rafteikning rafhönnun og Landmótun umhverfi og lóðarskipulag.

Framkvæmdirnar hafa staðið yfir síðan í desember á síðasta ári og er ráðgert að þeim ljúki í næsta mánuði.

-rve



● **NÝIR NEMENDAGARÐAR Á HVANNEYRI** Stjórn Nemendagarða á Hvanneyri hefur ákveðið að hefja undirbúning að hönnun og byggingu nýrra nemendagarða. Mikil eftirspurn er eftir húsnæði á Hvanneyri enda Landbúnaðarháskóli Íslands í örum vexti.

Áætlað er að í þessum áfanga verði um fimmtíu leiguryrmi en fyrir reka Nemendagarðarnir 86 leiguryrmi. Í nýju gördunum verða tveggja herbergja íbúðir og einstaklingsherbergi.

Samið hefur verið við Arkitektastofuna Arkís um hönnun húsa og gerð útboðsgagna. Stefnt er að því að hönnun ljúki seint á þessu ári og að framkvæmdir hefjist í byrjun árs 2008.

www.lbhi.is



Guðmundur Óli staddur í Neðstakaupstað á Ísafirði sem hann átti sinn þátt í að endurgera.

MYND BB/HALLDÓR

## Eitt elsta hús landsins endurreist á Þingeyri

Öldum saman setti Salthúsið svip sinn á Þingeyri, lengi vel með merki konungsverslunarinnar hangandi yfir dyrum. Brátt verður húsið endurgert í sinni upprunalegu mynd.

Salthúsið á Þingeyri er talið byggt árið 1778, eitt þeirra húsa sem komu tilhöggvin á tímum dönsku einokunarverslunarinnar og því meðal elstu húsa Íslands. Það var tekið niður um miðjan síðasta áratug vegna fúaskemmda, spýtu fyrir spýtu. Endurbætur hafa legið niðri um átta ára skeið en nú á að hefjast handa aftur. Búið er að afla fjár til framkvæmda og timbur úr norskum skógum er komið á staðinn, til viðbótar því efni sem fyrir er.

Endurgerð gamalla húsa er vandaverk og ekki á allra færi. Einn þeirra sem kann handbrögðin er Guðmundur Óli Kristinsson, húsasmiður frá Dröngum, búsettur í Bolungarvík. „Það er eins og að vekja upp draug að fá mig aftur í þetta verk. Ég þarf að fara að hugsa um hvar ég var staddur í því fyrir átta árum,“ segir Guðmundur Óli skellihljæjandi og viðurkennir að vera orðaður við endurbæturnar. Hann kveðst hafa unnið að því að taka Salthúsið niður á sínum tíma, ásamt Hjörleifi Stefánssyni arkitekt og Gunnari Bjarnasyni húsasmið.

„Húsið er stökkbyggt og verður reist á sínum gamla grunni aftur. Það er gríðarmikil framkvæmd. Trén sem húsið hefur verið byggt úr eru feikilega stór og allir stokkar sem eitthvað er heilt í eru notaðir aftur, bara viðgerðir. Þeir neðstu eru þó ónýtir,



Mynd frá 1881. Salthúsið stóð í miðju kaupútinu Þingeyri þar sem verslunarstaðurinn var frá fyrstu tíð. Það snýr göflum norður og suður.

svokallaðir aurstokkar. Húsið á að verða eins og það var upphaflega en í tímans rás hafði því verið mikið breytt. Sem betur fór var það alltaf í notkun, annars hefði kannski verið búið að tortíma því.“

Guðmundur hefur víða komið að gerð gamalla húsa og báta, til dæmis í Ósvör og Vigur. Hálfur knörr í Sögusafninu í Perlunni er líka eftir hann en hvernig lærði hann til verka? „Ætli ekki fyrst og fremst af áhuganum? Ég ólst upp við svona byggingar norður á Dröngum í Strandasýslu og er að hjálpa til að gera þær upp eina af annarri. Við Gunnar Bjarnason, sem býr í Reykjavík, höfum líka unnið mikið að gerð fornaldarhúsa. Vorum saman í landnámsverkefnum bæði á Grænlandi og í Dölum og svo höfum við smíðað litlar kirkjur, Þjóðhildarkirkju og Stangarkirkju og eina á Efri-Brú í Grímsnesi. Gunnar er mikill úrvals-smiður og ég var að reyna að særa hann til að vera með mér að byggja upp Salthúsið. Við erum dálítið klókir að finna lausnir saman.“

gun@frettabladid.is



Á Þingeyri er margt merkra húsa, til dæmis kirkjan eftir Rögnvald Ólafsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



- ... brunna- og borholudælar
- ... dælusett með þenslukeri og stjórnbúnaði
- ... háprýstar þvottadælar
  
- ... gæða vörur á hægstæðum verðum!



4" BORHOLUDÆLA SCM 4 PLUS 75/52	DRAIN 120 / 6 M. flotrofa	VIP 100 / 6 M. flotrofa	WATERPRESS INOX	W.P. SUPERINOX	MP50 Bensín
950 W	280 W	270 W	800 W	1100 W	2,6 HP - 47,7 cc.
56 m / 5,6 bar	6 m / 0,6 bar	6 m / 0,6 bar	46m. / 4,6 bar	50 m. / 5 bar	30 m / 3 bar
4500 l / klst.	7000 l / klst.	6500 l / klst.	3600 l / klst.	4200 l / klst.	16200 l / klst.
Stál AISI304	Stál og plast	Polypropylene	Riðfritt stál AISI304	Riðfritt stál AISI 304	Bensín m. 4% oliu.ibl.
Rafmk. 15 m.	Min vatnsh. 2 cm.	Min vatnsh. 2 cm.	min 2 / max 3 bar	min 2 / max 3 bar	Þyngd 8 Kg.
Stjórnbox m. öryggi	Kornastærð 6 mm.	Kornastærð 6 mm.	Stál 24 litra	Stál AISI 304 24 l.	Slöngutengi 1" (25mm.)
Slöngutengi 1"	Slöngutengi 1"	Slöngutengi 1"			



Smiðjuvegi 66  
200 Kópavogi - S. 580 5800

### LANDVÉLAR



### STRAUMRÁS

Furuvellir 3 - 600 Akureyri - S. 461 2288



Starfsfólk Bílabúðar Benna og fjölskyldur þeirra röðuðu sér eftir útlínunum nýrrar byggingar fyrirtækisins og tóku fyrstu skóflustunguna.

# Starfsfólkið tók skóflustunguna

Skóflustunga var nýlega tekin að nýbyggingu Bílabúðar Benna að Krókhálsi 9 í Reykjavík. Það voru starfsmenn Bílabúðarinnar og fjölskyldur þeirra sem röðuðu sér eftir útlínunum byggingarinnar og tóku fyrstu skóflustungurnar.

Benedikt Eyjólfsson, framkvæmdastjóri Bílabúðar Benna, reiknar með að verkið taki fimmtán til sextán mánuði en byrjað verður að grafa í næstu viku.

„Þetta verður mikil breyting fyrir fyrirtækið og við verðum með allt okkar undir sama þaki þannig að þetta hefur gríðarlega mikla þýðingu fyrir fyrirtækið sem er í dag á fimm stöðum á Höfðanum,“ segir Benedikt. „Við

getum boðið upp á betri þjónustu við viðskiptavinum og betri aðstöðu fyrir starfsmenn,“ bætir hann við.

Um sjötíu starfsmenn starfa hjá Bílabúð Benna og fékk Benedikt þá sjálfa til að taka fyrstu skóflustungurnar að nýju byggingunni ásamt fjölskyldum þeirra. „Mér fannst mjög skemmtilegt að fá starfsfólkið okkar og fjölskyldur þeirra til að taka þátt í þessu með okkur. Flestir fá einhver fyrirmenni til að taka fyrstu skóflustunguna að nýju húsnæði en ég ákvað að bjóða starfsfólkinu mínu, mökum þeirra og börnum enda er það fólk sem skiptir okkur mestu máli,“ segir Benedikt og bætir því við að eftir skóflustunguna hafi öllum verið boðið í þriggja rétta glæsiveislu. „Þetta var alveg frábært og ofboðslega gaman,“ segir hann en



Nýja húsnæðið verður stórglæsilegt og mun rúma alla starfsemi Bílabúðar Benna, sem í dag er rekin á fimm mismunandi stöðum.

allir sem tóku þátt fengu áritaða skóflu og hjálm til eignar. „Fyrir litlu krakkana vorum við með

pínulitlar áritaðar skóflur og það gæti verið gaman fyrir þá þegar þeir eldast að hafa tekið skóflu-

stungu einhvers staðar,“ segir Benedikt glaður í bragði.

*sigridurh@frettabladid.is*

## Upplýsinga- og tölvusvið

### Stafræn ljósmyndun

*Kennari:* Hrönn Axelsdóttir

*Tímasetning:* 18 kennslust. námskeið, 18. og 25. okt. og 1. og 8. nóv., kl. 18-21.

*Staðsetning:* Iðnskólinn í Reykjavík, tölvuhús, stofa 621.

*Lýsing:* Farið verður yfir grunnatriði stafrænna myndavéla, samspil ljósops, hraða og ISO og áhrif þess á myndir. Áhrif linsa á rýmið. Áfingar verða gerðar í tíma, einnig verða heimaverkefni gerð sem eru tengd yfirferð. Helstu leiðréttingar í Photoshop.

Nemendur þurfa að eiga eða hafa aðgang að stafrænni myndavél sem hefur manual fókus.

*Námsefni:* Hefti frá kennara með helstu upplýsingum um ljósop, hraða, ISO. Photoshop, lagfæringar á myndum.

*Verð:* 19.000 kr.

### Python forritun

*Kennari:* Andri Mar Jónsson, forritari hjá CCP.

*Tímasetning:* 30 kennslust. námskeið kennt lau. 20. okt., 27 okt. og 3. nóv. kl. 9-16 alla dagana.

*Staðsetning:* Iðnskólinn í Reykjavík, tölvuhús, stofa 633.

*Lýsing:* Grunnatriði Python forritunarmálsins kynnt og æfð með fjölda verkefna.

*Forkröfur:* Grunnþekking á einhverju forritunarmáli

*Námsefni:* Frá kennara.

*Verð:* 30.000 kr.

**IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK**

SKRÁNING Á [WWW.IR.IS/NÁMSKEIÐ](http://WWW.IR.IS/NÁMSKEIÐ)  
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 522 6500.



Það er ekki vandalaust að leggja parkettgölf.

## Þegar parkett er lagt

Skekka undirgölf má ekki vera meiri en tveir til þrjár millimetrar á tveggja metra langri réttsskeið.

Gæta þarf þess sérstaklega að ekki sé halli upp að veggjum og að ekki séu brot, bollar eða kúlur í gólfpletinum.

Aðgæta þarf styrk og viðloðun með því að líma niður prufur á nokkra staði og rífa þær upp eftir u.þ.b. einn sólarhring.

Aldrei skal líma ofan á máluð gölf.

Rakastig plötu skal ekki vera meira en 70% HR. Þegar parkett er límt á hana.

Varast ber að líma parkettið niður strax og það kemur í hús, það þarf að fá að standa í

rýminu og ná umhverfishita.

Við niðurlímingu parketts ber að hafa í huga að ekki myndist holrými milli steins og trés, þ.e. að lím vanti undir parkettið á köflum.

Hljóðeinangrandi undirlag er efni sem farið er að nota í ríkkum mæli og ber skylda til að nota í fjölbýli.

Ef gólflið á að vera lakk- að skal í fyrstu umferð nota þynnislakk sem dregur fram öll litaafbrigði viðarins og vætir vel í viðnum.

Í nýju húsnæði þar sem rakaútskilun á sér enn stað skal aldrei yfirgefa íbúð til langs tíma með alla glugga lokaða ef búið er að parkettleggja. *Heimild: www.egillarnason.is*



# Gluggasmiðjan

Fyrirtæki í framþróun

**Bílskúrshurðir**  
**Iðnaðarhurðir**  
**Ál-trégluggar**  
**Rennihurðir**  
**Hringhurðir**  
**Trégluggar**  
**Álgluggar**  
**Loftristar**  
**Tréhurðir**  
**Útihurðir**  
**Álhurðir**

**Viðarhöfða 3 • Sími 577 5050**

**[www.gluggasmidjan.is](http://www.gluggasmidjan.is)**



Lögfræðingafélag Íslands boðar til málþings þar sem fjallað verður um helstu atriði fasteignaréttar.

## Málþing um fasteignir

Föstudaginn 5. október boðar Lögfræðingafélag Íslands til málþings í Súlusal Hótel Sögu, en þar verður fjallað um helstu atriði fasteignaréttar.

Dagskrá málþingsins er fjölbreytt og spennandi. Í inngangi fjallar Karl Axelsson hrl., hjá Lex og lektor við lagadeild Háskóla Íslands, um fasteignir í íslenskum rétti að fornu og nýju og þær reglur sem að þeim lúta.

Viðar Már Matthíasson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, mun fjalla um helstu nýjungar sem lögfestar voru í lögum um fasteignakaup og gera grein fyrir því hvernig dómstólar hafa túlkað hinar nýju reglur. Eiríkur Jónsson hdl., hjá Landslögum, fjallar stuttlega um helstu skyldur löggiltra fasteignasala við sölu

fasteigna og ábyrgð þeirra á störfum sínum, jafnt refsí-ábyrgð sem skaðabótaábyrgð, og Ívar Pálsson hdl., hjá Landslögum, mun fjalla almennt um skipulags- og byggingarlög, og heimildir til breytinga á skipulagsáætlunum.

Margrét Hauksdóttir, aðstoðarforstjóri Fasteignamats ríkisins, mun leitast við að draga upp mynd af Landskrá fasteigna og lagagrundvelli, en einnig kynna evrópska samstarfsverkefnið EULIS og hvað í því felst. Að lokum mun Sigurður Helgi Guðjónsson, hrl. og starfandi formaður Húseigendafélagsins, fjalla um nábýlisrétt og hvort þörf sé á löggjöf um grennd.

Sjá nánar á heimasíðu Lögfræðingafélags Íslands, [www.logfrædingafelag.is](http://www.logfrædingafelag.is).

# Gamlar útihurðir eru góður eldsmatur

Íbúar eldra fjölbýlishúsnæðis búa margir við óþéttar, þunnar og ótraustvekjandi útihurðir, sem fljótt yrðu eldi að bráð kæmist bálið að þeim.

„Á hverjum tíma fyrir sig setur byggingarfulltrúi mismunandi gæðakröfur og núna eru þær miklum mun strangari en fyrir fáeinum áratugum síðan,“ segir Björn Karlsson, brunamálastjóri hjá Brunamálastofnun ríkisins.

„Lög sem lúta að byggingareglugerð eru yfirleitt ekki afturvirk og þess vegna er ástandið enn þannig að í ýmsum eldri fjölbýlishúsum standa hurðir sem í dag þættu ekki sérlega beysnar ef til eldsvoða kæmi. Reglan er sú að þegar húsfélag eða íbúðareigendur hyggja á breytingar útidyrá í sínum stiga-gangi þurfa þeir að sækja til þess leyfi hjá byggingarfulltrúa



Lög sem lúta að byggingareglugerð eru yfirleitt ekki afturvirk og því eru sumar eldri útihurðir ekki sérlega beysnar.



Björn Karlsson, brunamálastjóri hjá Brunamálastofnun ríkisins, býr í einu af eldri hverfum borgarinnar þar sem útidyr eru víða orðnar lúnar þegar kemur að eld-, reyk- og hitavörn í eldsvoðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

sins sveitarfélags, sem þá leitast við að setja fram sömu kröfur og gilda í núverandi reglugerð,“ segir Björn, en samkvæmt núverandi lögum verða allar eldvarnarhurðir að uppfylla danskan staðal, DS 1052.2 „Brandteknisk klassifikation Døre. Modstandsevne mod brand“, eða samsvarandi norræn-standal.

„Eldvarnarhurðir þurfa að hafa tegundarviðurkenningu frá Brunamálastofnun ríkisins og skulu merktar með nafni framleiðanda, brunamótstöðu og viðurkenningarnúmeri. Merkin skulu vera í samræmi við leiðbeiningar Brunamálastofnunar og skal staðsetja merkimiða í bakkanti hurðarspjalds, en spjalðið verður að vera úr áli eða öðrum málm, 30 til 90 millimetra hátt, og fest með nöglum eða límingu, svo tryggilega að það eyðileggist sé það fjarlægð,“

segir Björn, en viðurkenningarnúmer er CE, og brunamótstaða annaðhvort EI-CS 30 eða EI-CS 60 sem segir til um þann mínútu-fjölda sem hurðin þolir gagnvart hita og eldi.

„Ei stendur fyrir eldþol en CS stendur fyrir reykþéttni hurðanna, því gamlar hurðir eru illa reykþéttar og leka auðveldlega reyk í íbúðir, sem oft er það hættulegasta þegar eldsvoði verður. Menn ættu því aldrei að treysta blint á solumenn hurða, heldur leita ákveðið að viðurkenndum og rétt merktum eldvarnarhurðum. Það eru vitaskuld hagsmunir íbúanna að vera með réttar eldvarnir því gamlar útihurðir geta verið góður eldsmatur, og því ætti að vera forgangsmál húsfélaga í eldri fjölbýlishúsum að fjárfesta í eldvarnarhurðum sem standast nútíma reglugerðir.“

thordis@frettabladid.is

**Beta**

**N1**

# VERKFAERI

N1 býður upp á mikið úrval af hágæða rafmagns- og handverkfærum.

N1 VERSLUN BÍLDHÖFÐA 9 · SÍMI 440 1200

WWW.N1.IS

**KÄRCHER**

## Háprýstidætur

Þegar gerðar eru hámarkskröfur

**Snúningisdiskur**

**Ýmsir aukahlutir**

**K 5.80 M Plus**

- Vinnuþrýstingur: 20-125 bór
- Vatnsmagn: 450 ltr/klst
- Lengd slöngu: 7,5 m
- Stíllanlegur úði
- Túrbóstútur + 50%
- Sápuskammtari

**K 6.80 M Plus**

- Vinnuþrýstingur: 20-135 bór
- Vatnsmagn: 530 ltr/klst
- Túrbóstútur + 50%
- Lengd slöngu: 9 m
- Sápuskammtari
- Stíllanlegur úði

**K 7.85 M Plus**

- Vinnuþrýstingur: 20-150 bór
- Vatnsmagn: 550 ltr/klst
- Stíllanlegur úði
- Sápuskammtari
- Túrbóstútur + 50%
- 12 m slönguhjól

**K 7.80 M Plus**

- Vinnuþrýstingur: 20-150 bór
- Vatnsmagn: 550 ltr/klst
- Stíllanlegur úði
- Sápuskammtari
- Lengd slöngu: 9 m

**RAFVER**

SKEIFAN 3E-F · SÍMI 581-2333 · FAX 568-0215 · WWW.RAFVER.IS

# Þegar mest á reynir...

**Hünnebeck** steypumót eru sterk og áreiðanleg mót frá einum fremsta framleiðanda steypumóta í heimi.

Aseta selur bæði og leigir út steypumót, undirsláttarefni og byggingarkrana.

**HÜNNEBECK**   
– þegar mest á reynir

**ASETA**

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600  
aseta@aseta.is www.aseta.is



**Elipex**  
EINANGRUÐ PEX PLASTRÖR

Miklar breytingar hafa orðið við lagningu hitaveitna þar sem foreinangruð plaströr eru nú notuð í grennri lögnum í meiri mæli, í stað hefðbundinna hitaveituröra úr stáli. Röraverksmiðjan SET er eitt fárra fyrirtækja í heiminum sem framleiðir foreinangruð PEX rör í nýrri og tæknilega fullkominni framleiðslulínu.

SET ehf. Röraverksmiðja • Eyravegur 41 • 800 Selfoss  
Sími: 480 2700 • Fax: 482 2099 • Netfang: set@set.is • Vefsíða: http://www.set.is



Iðan fræðslusetur stendur fyrir fjölmörgum námskeiðum á bygginga- og mannvirkjaskiði.

## Námskeið í október

Iðan fræðslusetur stendur fyrir fjölmörgum námskeiðum á bygginga- og mannvirkjaskiði. Hér eru nokkur þeirra sem eru í boði í október.

### VIÐARMÁLUN

26. október

Á námskeiðinu eru kynnt eldri vinnubrögð í málaraiðn. Kynntar eldri málningaráferðir. Farið yfir litarefni við viðarmálun, t.d. eini- og hnotuáferð. Réttu verkfærin kynnt. Námskeiðið er að mestu leyti verklegt.

### UPPHENGÐAR FLÍSA- OG STEIN- KLÆÐNINGAR UTANHÚSS

27. október

Á námskeiðinu er fjallað um flísa-lögn á gólf og vegg. Skemmdir og viðgerðir. Fúgur, fúguefni og þenslu. Steinlögn, marmara og grástein á gólf og vegg. Terrasólögn, upphengdar keramikflísar og steinklæðningar á veggj utanhúss sem innan.

### TIMBURHÚS - FYRRI HLUTI

12. október

Á námskeiðinu er fjallað um nýsmíði, t.d. sumarhúsa. Fjallað um kröfur og stífleika. Farið yfir álög timburgrinda og þakvirkja. Kynnt-

ar mismunandi undirstöður fyrir staðbyggð timburhús. Fjallað um vegg- og þakburðarvirki.

### PLASTKUBBAHÚS

20. október

Á námskeiðinu er kynnt byggingaráferð sem hefur verið að ryðja sér til rúms á síðustu árum. Steypumót byggð með plastkubbum. Fjallað er um undirstöður fyrir mótin, afréttingu og stífingar. Námskeiðið er haldið í samvinnu við fyrirtækið Varmamót ehf.

### GÓLFHITALAGNIR

26. október

Á námskeiðinu er fjallað um gólfhitakerfi og gólfhitalagnir. Farið í rétta niðurlagningu á gólfhitarörum, val efna og kynnt hönnun og útfærslur mismunandi gólfhitakerfa.

### GIFSVEGGIR

27. október

Á námskeiðinu er fjallað um uppbyggingu gifsveggja. Farið í uppsetningu gifsveggja og vinnuáferðir við klæðningu með gifsplötum. Kynntir hljóðeinangrandi gifsveggir. Kynnt klæðningar-efnið gifs, verkfæri, festingar og hjálpertæki.

www.idan.is

## Margmiðlunarskólinn í Reykjavík

### Flash vefsíðugerð

**Kennari:** Guðmundur Jón Guðjónsson.  
Kennt tvisvar í viku, 3 tímar í senn.

**Tímasetning:** 36 kennslust. námskeið, þri- og fim.kvöld frá kl. 18–20. Hefst 16. okt.

**Staðsetning:** Iðnskólinn í Reykjavík, tölvuhús, stofa 628

**Lýsing:** Námskeiðið er fyrir þá sem vilja læra að nota Flash forritið til að búa til margmiðlunarvefsíður og vefborða.

**Forkröfur:** Almenn tölvukunnátta.

**Markmið:**

Að nemendur geti:

- Komið hlutum á hreyfingu „motion tween“
- Breytt litum og formum „shape tween“
- Þekki mun á mismunandi táknum „symbols“
- Unnið með mismunandi gerðir laga „layers“
- Unnið með hnappa „button“ og virkjað þá
- Sett upp vefsíður í flash
- Sett hljóð og kvikmyndir á flash vefsíður

**Námsefni:** Glósur og sýnidæmi frá kennara.

Verð: 32.000 kr.

### Er þrívíddarvinnsla eitthvað fyrir þig?

**Kennari:** Ari Knörr.

**Tímasetning:** 22 kennslust. námskeið, þri- og fim. kvöld 27. okt. til 8. nóv. kl 18–21.

**Staðsetning:** Iðnskólinn í Reykjavík, Tölvuhús, stofa 637.

**Lýsing:** Á þessu námskeiði er farið í grunnatriði þrívíddarvinnslu:

- Hvernig módel verða til?
- Hver eru grunnatriði áferða og ljósa?
- Hvernig á að stilla upp myndavélum?
- Hvernig verða hreyfimyndir til?
- Hvernig á að keyra út vídeómyndir af módelum?
- 'Tips and tricks' í þrívíddarvinnslu!

**Forkröfur:** Enskukunnátta, þar sem eitthvað af kennsluefninu er á ensku. Kennsla fer fram á íslensku.

**Námsefni:** Námsefni er í fyrirlestraformi, vídeokennsluefni sem og pdf skjölum sem kennari veitir aðgang að.

Verð: 24.000 kr.

SKRÁNING Á WWW.IR.IS/NÁMSKEIÐ  
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 522 6500.



IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK


## Einangrað með gasi

Trésmiðjan Börkur hefur undanfarin tvö ár selt gler með einangrandi gasfyllingu. Hægt er að velja hvort glerið er keypt með eða án gasfyllingarinnar sem dempar sól og hljóð mun betur en venjulegt gler.


Snorri Bergsson, sölumaður Barkar á Akureyri, segir gasfylltu glerin hafa U-gildi frá 1,3 og niður í 1,1 en því neðar sem U-gildið fer í glerinu þeim mun betri sé einangrunin. „Til samamburðar má nefna að venjulegt K-gler er með U-gildi upp á 1,7,“ segir Snorri og bætir því við að hann viti ekki til þess að aðrir selji slíkt gler.

„Glerið einangrar bæði hljóð, hita og sólargeisla. Til dæmis ef verið er að berjast við mikla sól þá er best að vera með Sólstopp gler sem hleypir 50 prósent af sólargeislum inn en venjulegt hleypir aftur á móti 78 prósent af sólarljósinu í gegn,“ segir Snorri og bætir við: „Glerið er líka með góða hljóðeinangrun og dempar allt að 36 desibel af hljóði.“

Snorri segir um tvö ár síðan Trésmiðjan Börkur fór að flytja inn gasfyllt gler og þau hafi notið



Þverskurðarmynd af Suncool HP Silver 50/30 gleri frá Trésmiðjunni Berki. Glerið er með 50 prósent sóldempun.



Vinsælasta glerið frá Berki er með mjúkfílmugleri í ytri skífu en venjulegt í þeirri innri. Argon-gas er á milli skífna til að auka einangrun.

síaukinna vinsælda síðan. „Við smíðum mikið af gluggum og í flestum tilvikum kaupir fólk glerin með gluggunum þótt auðvitað sé hægt að fá gluggana án glerja.“

- sig



# húsgögn fyrir fólk á öllum aldri

MIKIÐ



Borð. T890  
Stóll. SE65

ÚRVAL

Jackson hornsófi  
275 x 240 cm / 240 x 275 cm



Borð. T 1171  
Stóll. SE170

AF



Karolin  
Svefnsófi



Stóll. SG 40

ELDHÚS  
BORÐUM



Borð. T 744  
Stóll. SE 54



Borð. T480  
Stóll. SE64



Borð. T 1223  
Stóll. SE 680

OG




Casper

80X200 30.640.-



STÓLUM.



Stóll. SG 01



Samba  
svefnsófi

Suprima

90x200cm 33.280.- áður ~~41.600.-~~  
120x200cm 42.400.- áður ~~53.000.-~~  
140x200cm 49.360.- áður ~~61.700.-~~



Rondo  
Íslenskur stóll

SÉRSMIÐUM  
ELDHÚSBORÐ



Borð. EC34  
Stóll. SG 791



Amanda 265 x 220 cm / 220 x 265 cm

[www.toscana.is](http://www.toscana.is)



Opið virka daga 10 til 18  
laugadaga 11 til 16

HÚSGAGNAVERSLUN  
**TOSCANA**

SMÍÐJUVEGI 2, KOP S: 587 6090

HÚSGÖGNIN FÁST EINNIG / HÚSGAGNAVAL, HÖFN S: 478 2535



Sigurður Hall segir gler vera gríðarlega vinsælt byggingarefni og mikilvægt að það einangri vel.

## Tvöfalt gler nægir í dag

Gler er ekki bara notað í glugga þessa dagana heldur einnig til skrauts.

„Í gluggum á vistarverum er nauðsynlegt að vera með háeinangrandi gler til að spara kyndingu, enda er það skylda núna í allar nýbyggingar. Áður var fólk að fá sér þrefalt gler til að ná betri einangrun en þá fór meira efni í karmana,“ segir Sigurður Hall, skrifstofustjóri hjá Íspan, og heldur áfram:

„Glerið í dag er með sérstökum járnallsa og þar af leiðandi næst sama einangrun í tvöföldu gleri í dag og var í því þrefalda áður fyrr.“

Margir kannast við raka í gluggakistum en að sögn Sigurðar á það vandamál ekki við í nýbyggingum. „Raki í gluggakistum myndast vegna of mikils raka í herberginu eða

á heimilinu almennt. Fólk er gjarnan með plöntur og vökvar þær og það stafar líka raki af þeim. Þá safnast raki á rúðuna og rennur niður í gluggakistuna. En ef raki myndast innan á rúðu er hún ónýtt, þannig á það ekki að vera,“ segir Sigurður, sem segir vinsældir glersins hafa aukist gríðarlega síðastliðin ár.

„Gler er mjög vinsælt byggingarefni og það er hægt að gera nánast hvað sem er úr gleri. Það er mikið í nýbyggingum þar sem heilu veggirnir eru úr gleri. Þetta er orðið þykkara og stærra og hægt að fá alls kyns öryggisgler og hert gler sem er notað jafnt utanhúss sem innan. Einnig er orðið algengt að fólk noti gler með spegiláhrifum til að minnka hitastreymið og í dag er markmiðið að glerið einangri til að spara kyndingu,“ segir Sigurður.

# Einingahús í mikilli sókn

Forsteypt einingahús njóta vaxandi vinsælda hérlandis enda kostir þeirra margir að sögn Halldórs Geirs Þorgeirssonar hjá Smellinn einingahús.

„Hönnun og framleiðsla forsteyptra einingahúsa er orðinn rótgróinn iðnaður hérlandis og nokkur fyrirtæki á suðvesturhorninu sem sérhæfa sig í framleiðslu þeirra. Við áætluðum að forsteypt einingahús séu komin með 30 til 40 prósentu markaðshlutdeild miðað við steipt íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu.“

Þetta segir Halldór Geir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Smellinn, fyrirtækis sem sérhæfir sig í framleiðslu og hönnun forsteyptra einingahúsa, sem njóta vaxandi vinsælda hérlandis.

„Forsteypt einingahús eru það sem koma skal,“ heldur Halldór áfram. „Enda eru þau búin að ná 70 prósentu markaðshlutdeild í allri steypuflórunni í Skandinavíu. Talan er enn hærrí í Finnlandi. Hlutdeildin á því bara eftir að hækka á Íslandi á næstu árum, enda eru kostir einingahúsa margir.“

Máli sínu til stuðnings bendir Halldór á að fyrirtæki eins og



Halldór Geir Þorgeirsson segir kosti einingahúsa vera marga. Meðal annars séu þau fljótleg í uppsetningu, sem dragi verulega úr kostnaði.

MYND/FRIDLEIFUR KRISTJÁNSSON



Hér sést leikskólinn Vallarsel sem var framleiddur af Smellinn, fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu og hönnun forsteyptra einingahúsa.

MYND/THORSTEN HENN



Forsteypt einingahús eru framtíðin að sögn Halldórs.

MYND/THORSTEN HENN

Smellinn fylgi verkinu eftir frá upphafi til enda. „Hönnunin fer fram á Akranesi og innan veggja Háskóla Reykjavíkur, sem sýnir hversu öflug tengsl Smellinn hefur við hið akademíska umhverfi. Nemendur á tækni-, verkfræði- og viðskiptasviði vinna lokaverkefni sín í tengslum við fyrirtækið. Þá framleiðir það einingarnar í verksmiðju, flytur þær á byggingasvæði og annast uppsetninguna. Þetta þýðir að ábyrgð verktaka hefur aukist.“

Einn helsti kosturinn við forsteypt einingahús er að sögn Halldórs þó sá að þau séu tiltölulega auðveld og fljót í uppsetningu. „Það dregur bæði úr kost-

aði og hentar vel fyrir Íslendinga, sem vilja helst að hlutirnir gerist í gær. Auk þess lækkar allur óvissu- og tímakostnaður, þar sem færri iðnaðarmenn og undirverktakar koma að verkinu.“

Halldór segir að í raun liggi sama hugmynd til grundvallar framleiðslu einingahúsa og framleiðslu bíla í verksmiðju. Hægt sé að fjöldaframleiða mörg ein-tök á dag sem standist allar gæðakröfur, gagnstætt því ef þau væru til dæmis framleidd úti í bílskúr.

„Segja má að með þessu móti sé húsagerð tekin skrefi framár í þróuninni,“ segir hann. „Við horfum björtum augum til framtíðar.“

roald@frettabladid.is

Akralind 4 201 Kópavogur

Sími 544 4656 Fax 544 4657 mhg@uniparis

**Leysir af hólmum K650 og K700**

Partner K1250 / Þyngd 14,8 kg / Skurðd. 14,5 cm.

Partner HP 40 bensínvæðingamyndar fyrir: Partner K2500 & Partner K3600 Þyngd 88 kg / 18 hli B&S

Partner K750 / Þyngd 9,4 kg / Skurðdýpt 10 cm  
Partner K750 / Þyngd 9,7 kg / Skurðdýpt 12,5 cm

Partner K2500 / Þyngd 8,3 kg / Skurðd. 14,5 cm.

Partner K3500 / Þyngd 11,2 kg / Skurðdýpt 14,5 cm

Partner K3600 / Þyngd 7,9 kg / Skurðd. 26,3 cm.

DIMAS hand - kjarnabærir

DIMAS hringsgarbiöld

DIMAS ELD 20/ELO 45/ELO 70/ELO 90 Pur & blaut steinsögublið

DIMAS kjarnabærstædur


DIMAS kjarnabærir

**PARTNER CUTTING EXPERTS OF THE WORLD**

The smart way. **DIMAS**

# Gólfhitakerfi

Roth gólfhitakerfi sem er létt að leggja og fljótt að virka.



Reykjalundur  
Plastiðnaður

dælur

Smiðjuvegur 74 – 200 Kópavogur – 5 400 600  
Reykjalundur – 270 Mosfellsbær – 530 1700  
Lónsbakki 2 – 601 Akureyri – 460 1760

# Oft er í holti heyrandi nær

Íbúar eldri húsa verða stundum varir við að þar sé óþarflega hljóðbætt. Þetta má þó lagfæra með ýmsum ráðum en það getur verið töluverð fyrirhöfn.

„Það er tvenns konar hljóðeinangrun skilgreind í byggingareglugerðinni. Annars vegar er það venjuleg hljóðeinangrun eða lofthljóðeinangrun sem felur í sér hvernig venjuleg, heyrnleg hljóð berast á milli. Hins vegar er það svokölluð högghljóðeinangrun og það er þá fyrst og fremst hvernig gönguhljóð berast á milli. Ef þetta eru aðallega gönguhljóð sem eru að trufla er það nánast alltaf vegna þess að það er of hart gólfefni á hæðinni fyrir ofan,“ segir Steindór Guðmundsson, sérfræðingur í hljóðvist hjá VST, og lýsir hann því nánar:

„Ef steypa er ber heyrir greinilega ef gengið er á hörðum skóm eða þegar barn missir leikfang í gólfið. Þetta minnkar ef sett er gólfefni með mjúku lagi.“ Ef parkett er á gólfinu er hafður einhvers konar mjúkur dúkur undir því.

„Ef þetta er fljótandi parkett er oft notaður þunnur svampur en til eru efni sem eru aðeins betri og eru þá þyngri og þykkari. Til að uppfylla kröfur í byggingareglugerðinni er yfirleitt nóg að setja þunnan svamp. Hitt er þó aðeins betra og sum þessara efna eru þannig að maður heyrir minna hljóð innan íbúðarinnar þar sem parkettið er,“ segir Steindór og bætir við að stundum vilji fólk setja flísar í fjölbýli en ekki gangi að setja þær beint á steininn því þær séu jafnarðar og steingólfið. Til eru efni eins og gúmmikorkur sem hægt er að setja undir

flísarnar en Steindór segir að hann þurfi þó að vera nokkuð mjúkur.

Stundum berst hljóð í gegnum innveggi og útveggi og þá þarf að athuga hvernig hljóðið berst um.

„Ef maður fer 50-60 ár aftur í tímann voru plötur heldur þynnri en þær eru núna þannig að það getur verið að hljóðið berist í gegnum steypu plötuna. Það getur líka verið að hljóðið berist eftir öðrum leiðum, til dæmis um innvegg eða útvegg,“ útskýrir Steindór.

„Í slíkum tilfellum þarf að athuga vel hvaða leið er líklegast að hljóðið fari. Ef hljóðið fer til dæmis um útvegginn þýðir lítið að endurbæta plötuna,“ segir Steindór og leggur áherslu á að skynsamlegt sé að leita til sérfræðinga til að meta hvaða hlekkur sé veikastur svo aðgerðirnar komi að raunverulegu gagni.

Í húsum sem voru byggð eftir 1960 er yfirleitt einangrað að innan með plasteinangrun sem var límd upp á veggina og síðan þússað á og getur það hjálpað hljóðinu á milli íbúða um útvegginn. „Yfirleitt þýðir ekki að endurbæta plötuna sjálfa heldur verður að endurbæta útvegginn,“ útskýrir Steindór og segir okkur hvernig má bæta úr því:

„Annað hvort er bara byggt yfir þússinguna eins og hún er og þá er sett grind yfir hana og oftast steinull þar í. Síðan er klætt með þungum plötum. Svo er líka til í dæminu að ef verið er að taka hús í gegn eru þússingin og plastið fjarlægð og einangrað upp á nýtt.“

Að sögn Steindórs er alltaf dálítið mál að ráðast í svona framkvæmdir þar sem þetta eru stórir fletir. Það þýðir ekki að taka bara rönd nálægt plötunni sem snýr yfir í hina íbúðina heldur verður að taka heila veggfleti



Steindór Guðmundsson, sérfræðingur í hljóðvist, ráðleggur fólki að leita aðstoðar sérfræðinga ef ætlunin er að ráðast í stórframkvæmdir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

og eru þetta því margir fermetrar og töluvert rask.

Byggingareglugerðin hefur verið óbreytt frá 1979 varðandi hljóðeinangrun en sérstakur staðall kom sumarið 2003 og þar eru skilgreindir mismunandi gæðaflokkar í hljóðeinangrun. Ekki er skylda að fara eftir staðlinum en sumir byggingarverktakar hafa þó farið eftir honum.

„Þar eru flokkar A, B og C þar sem A er bestur. Enn hefur enginn reynt að byggja eftir staðli A en menn hafa verið að byggja eftir bæði B og C. Allir þessir flokkar eru betri en

lágmarkið í byggingareglugerðinni en menn vilja stefna að því að bæta hljóðeinangrunina. Sennilega verður flokkur C í þessum staðli fljótleiga að byggingareglugerð hjá okkur,“ segir Steindór. Hann bendir þó á að mikið sé farið að einangra hús að utan nú til dags og þannig má losna við vandamál varðandi plasteinangrun innan á útveggjum.

Nánari upplýsingar um hljóðeinangrun má nálgast hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands (áður Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins) sem hefur gefið út rit um hljóðeinangrun.

hrefna@frettabladid.is



## KRAFTVÉLALEIGAN

- ÚRVAL VINNUVÉLA TIL STÓRRA OG SMÁRRA VERKA

Kraftvélaeigan býður úrval vinnuvéla til leigu fyrir allt frá húsgrunnum til virkjana og jarðganga. Margar leiguvinnuvélar eru t.d. notaðar við gerð Kárahnjúkavirkjunar og Héðinsfjarðarganga.

Leiga vinnuvéla:

- er oft mun hagstæðari en kaup, bæði í smærri verk og stærri
- hefur marga kosti umfram kaup, t.d. lægri fjármagnskostnað og minni viðhaldskostnað

Kraftvélaeigan býður úrval vinnuvéla til leigu: Gröfur 1-80 tonn - Jarðvegsþjöpurr - Traktorsgröfur - Valtarar - Hjólaskóflur - Borvagnar - Jarðýtur - Búkollur

Víða á Norðurlöndum, í Þýskalandi og Bretlandi er leigumarkaður fyrir vinnuvélar mjög þróaður og margar stórar vélaleigur starfræktar. Margt bendir til að svipuð þróun eigi sér stað hérlendis en greinileg aukning er í leigu véla í margskonar verkefni.

Mögulegt er að leigja tækin en kaupa þau síðar og gengur þá hluti leiguverðs upp í kaupin.



**KRAFTVÉLALEIGAN**

LEIGA/SALA • Lækjarmelur 1 • leiga@kraftvelar.is • 535 3570 / 535 3571

www.kraftvelaleigan.is



# ARMAR




## VINNULYFTUR TIL LEIGU

Skæralyftur // Spjótlyftur // Skotbómulyftarar // Turnlyftur // Lyftarar

Höfum einnig ýmis önnur tæki  
til byggingaframkvæmda

- Loftpressur
- Rafstöðvar
- Jarðvegsþjöppur



## www.armac.is

Armar ehf. // Flatahrauni 25 // 220 Hafnarfjörður // Sími 565 4646 // Fax 534 4320

Viðhaldsfriar

## ÞAKRENNUR

Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfriri“ klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfriar“ þakrennur. Rennurnar frá Grövik Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna. Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.

Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.

Hágæða  
Varmaskiptasamstæður  
loftræstistokkar og tengistykki



**HAGBLIKK** ehf.

Smiðjuvegi 4C  
Box 281 202 Kópavogur  
Sími 587 2202 Fax 587 2203  
hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is



### ● BREYTINGAR Á HYRNTURGI

Verslunarmiðstöðin Hyrnutorg í Borgarnesi verður stækkuð um ríflega hundrað fermetra en þar af mun Vínubúðin stækka mest. Sólfell ehf. byggir og er reiknað með að fyrsta hluta verksins verði lokið um mánaðamótin október-nóvember. Liðlega helmingur af framkvæmdunum er vegna breytinga og lagfæringa innanhúss.

Breytingarnar innanhúss felast meðal annars í því að eftir á verður hægt að ganga upp á aðra hæð hússins úr anddyrinu. Þar verður bæði lyfta og stigi. Einnig verða snyrtingar stækkaðar. Af [www.skessuhorn.is](http://www.skessuhorn.is)

**Snickers**  
WORKWEAR

**N1**

# VINNUFATNAÐUR

Ertu vel klæddur í vinnunni? Við bjóðum gott úrval af vönduðum og sterkum vinnufatnaði frá Snickers.

**N1 VERSLUN BÍLDHÖFÐA 9 · SÍMI 440 1200** **WWW.N1.IS**



Eggert Marinósson sameinaði smiðinn og sölumanninn í einn mann í fyrirtæki sínu Emar byggingavörur ehf. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Fjölbreyttar vörur á heildsöluverði

Fyrirtækið Emar byggingavörur er ekki eiginleg verslun heldur fer allt í gegnum heimasíðu fyrirtækisins og síma.

Votrýmisplötur eru plötur til að setja á gólf og vegg og búa til innréttingar, sturtuhliðar, skilrúm og fleira. Þær bjóða upp á ýmsa möguleika í hönnun og með þeim má fá vatnshelt rými sem hanna má ofan á að vild. Stálbogahúsin eru hugsuð sem stærri hús. Þau eru oft notuð sem vöruskemmur og henta bændum vel. Þau eru einfaldlega búin til úr bogum sem reistir eru upp og er engin hefðbundin grind í þeim.

„Það er mjög einfalt og fljótlegt að henda þessu upp. Það þarf ekki einhverja stóra krana og vesen – í það minnsta ekki fyrir minni húsin,“ segir Eggert.

Emar byggingavörur er í raun ekki eiginleg verslun heldur fer allt í gegnum heimasíðu fyrirtækisins og síma.

„Þegar fólk hefur samband og athugar með vöru er gert verðtilboð. Einhverjar upphæðir eru inni á heimasíðunni en þar sem þetta eru mikið til sérpantanir og sérstærðir sem fólk vill er verðið ekki gefið upp heldur um það samið.“

Slóðin að heimasíðunni er [www.emar.is](http://www.emar.is) og þar má finna frekari upplýsingar um fyrirtækið, vörur og birgja. [hrefna@frettabladid.is](mailto:hrefna@frettabladid.is)

„Hugmyndin fæddist út frá því að mér fannst vanta persónulega heildverslun sem gæfi skjót og góð svör við fyrirspurnum viðskiptavina. Ég er lærður húsasmiður og starfaði sem slíkur í tíu ár áður en ég hóf störf sem verslunarráðgjafi og síðar sölustjóri. Þegar ég stofnaði mitt eigið fyrirtæki tókst mér loks að sameina þessa tvo góðu menn, smiðinn og sölumanninn, í einn mann,“ segir Eggert Marinósson, stofnandi fyrirtækisins Emar byggingavörur ehf. Fyrirtækið býður upp á ýmsar nýjungar í byggingaiðnaði.

Eggert byrjaði í hurðum og gluggum en síðan þá hafa viðskiptin undið upp á sig. „Við erum með fjölbreyttar byggingavörur og bjóðum upp á ýmsar vörur sem erfitt getur verið að nálgast og fáum þær með sérpöntunum. Þar má t.d. nefna gæðafliðar og reyklausu arna. Hjá okkur má einnig fá votrýmisplötur og stálbogahús.“

## Gæði á góðu verði

### Doosan - Daewoo lyftarar



Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

### ● NÝJASTA NÝTT Í LAGNAEFNI

MEST heldur kynningu á öllu því nýjasta í lagnaefni á markaðnum, í samstarfi við fyrirtækið Sanistál. Fulltrúar helstu framleiðenda lagnaefnis munu mæta og kynna vöru sína. Kynningin fer fram í verslun MEST að Norðlingabraut 12, Norðlingaholti, dagana 11. til 12. október frá klukkan 10 til 18. Nánar á [www.mest.is](http://www.mest.is).



www.helgafell.is

# Átt þú heima á athyglisverðum stað?



**Tryggðu þér rúmgóða byggingarlóð á einu eftirsóttasta byggingarlandi höfuðborgarsvæðisins og njóttu útsýnisins frá skjólgóðum suðurhlíðum Helgafells.**

■ Selt



Söluaðilar:  
Helgafellsbyggingar  
Sími 575 6800

Miklaborg  
Sími 569 7000

www.helgafell.is

  
**HELGAFELL**  
Athyglisverður staður

# FLÖT LCD



## PHILIPS

### Philips 37PFL5322

37" LCD Pixel Plus HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus HD, Progressive Scan, HD Ready, 5.000:1 skerpu, ljósskynjara og Active Control, 2 x 30w Nicam Stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu.



PIXEL PLUS HD

PIXEL PLUS MYNDTÆKNIN  
EYKUR LÍNUFJÖLDA OG SKERPU

**TILBOÐ** ▶ **139.990**

FULLT VERÐ kr. 169.990

**HAMI**



**enox.**

### Enox LTV7315HD

15" LCD SJÓNVARP með 1024x768 punkta upplausn, Progressive Scan, 500:1 skerpu, 12V og 220V, 12w Nicam Stereó hljóðkerfi, Scart, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**VERÐ** ▶ **29.990**

FRÁBÆRT VERÐ

LCD SJÓNVARP  
OG DVD SPILARI



**Dantax**

### Dantax 15LCDDVDP1

15" LCD SJÓNVARP með 1440x900 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, innbyggðum DVD spilara, 500:1 skerpu, Nicam Stereó hljóðkerfi, kortalesara SD/MS/MMC, USB tengi, Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, VGA tengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu. Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD - Spilar CD, CD-R/RW og JPEG.

**VERÐ** ▶ **39.990**

FRÁBÆRT VERÐ

LCD SJÓNVARP  
OG DVD SPILARI



**Dantax**

### Dantax 19LCDDVDP3

19" SJÓNVARP með 1440x900 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, innbyggðum DVD spilara, 500:1 skerpu, Nicam Stereó hljóðkerfi, kortalesari SD/MS/MMC, USB tengi, Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, VGA tengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu. Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD - Spilar CD, CD-R/RW og JPEG.

**VERÐ** ▶ **49.990**

FRÁBÆRT VERÐ



**enox.**

### Enox LTV7519WHD

19" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x1024 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 600:1 skerpu, 18w Stereó hljóðkerfi, Scart, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, DVI tengi og textavarpi.

**TILBOÐ** ▶ **39.990**

FULLT VERÐ kr. 54.990



**UNITED**

### United LTV27W63

27" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x720 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 900:1 skerpu, 2x6w Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, CVBS og heymartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ** ▶ **69.990**

FULLT VERÐ kr. 109.990



**UNITED**

### United LTV32W63

32" LCD HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, HD Ready, Progressive Scan, Nicam Stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ** ▶ **79.990**

FULLT VERÐ kr. 119.990



1971 - 2007

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [www.sm.is](http://www.sm.is)

**SanDisk**  
MINNISKORT


ALLAR GERÐIR

UMBODSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrimsfjarðar, Drangnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrimsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húsvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kaupún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðfirði. Martólvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvusítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Hagkaup, Njarðvík. Rafiagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.



## Eignarhald tískuverslana í Kringlunni og Smáralind

### Kringlan



### Smáralind



#### HAGAR

Karen Millen • Debenhams • All Saints • Warehouse • Top Shop • Zara • Oasis • Dorothy Perkins • Coast • Evans • Jane Norman • Útilíf

#### NTC

Gallerí Sautján • GS Skór • Kultur • Kultur Menn • Eva • Centrum • Companys • Retro • Deres • Focus • Sparkz • Smash

#### VM OG MH

Vero Moda • ONLY • Vila • Jack & Jones • Selected • Exit • Outfitters Nation

#### ÁRDEGI

Next • Noa Noa

#### FÖT & SKÓR

Herragarðurinn • Boss • Sand

mennt verðlag hækkaði um 4,6 prósent. Maí er hér tekinn sem dæmi þar sem sá mánuður er jafnan álitinn nokkuð „venjulegur“ í þeim skilningi að þá eru yfirleitt ekki útsölur og engir hátíðardagar. Á tímabilinu milli maí 2005 og 2006 lækkaði verð á fatnaði og skóm um 2,7 prósent á meðan almennt verðlag hækkaði um 7,6 prósent. Líklega má rekja það til þess að Hagar komu inn á tiskumarkaðinn af krafti á þessum tíma með kaupunum á rekstri verslananna Oasis, Coast, Changes, Karen Millen, Warehouse, Shoe Studio, Whistles og All Saints í Kringlunni. „Þekkt er að svona lagað geti haft áhrif á markaðinn

strax, jafnvel áður en breytingarnar eiga sér stað. Þá er greinilegt að markaðurinn er að búa sig undir samkeppnina,“ segir Guðrún.

#### LAGSKIPTUR MARKAÐUR

Til að meta stöðu fyrirtækja á markaði er nauðsynlegt að geta lagt mat á markaðshlutdeild þeirra. Að því er ekki hlaupið á tiskumarkaðnum. Afar misjafnt er við hvaða viðmið er stuðst, auk þess sem flestir eru tregir til að leggja mat á eigin hlutdeild. Þegar fata-markaðurinn var síðast til skoðunar hjá Samkeppniseftirlitinu var meðal annars byggt á sjónarmiðum

keppnauta Haga. Þá voru færð fyrir því rök að fata-markaðurinn væri afar lagskiptur og þar væri í raun um marga markaði að ræða. Fólki leitaði ekki til verslana sem sérhæfa sig í finum merkjum í leit að ódýrum flíkum og öfugt.

Ekki er með einföldum hætti hægt að leggja mat á markaðshlutdeild þeirra fyrirtækja sem leika stærstu hlutverkin á íslenska tiskumarkaðnum. Sumir fullyrða að samanlögð markaðshlutdeild NTC og Haga sé um 75 prósent af tiskumarkaðnum. Aðrir telja þá tölu allt of háa. Hún vanmeti mjög styrk smærri verslana á íslenska markaðnum.

## Þurfa alltaf að vera á hlaupaskónum

Árdegi er ekki á meðal risanna á fata-markaðnum en leikur stórt hlutverk á smásölumarkaðnum. Auk tískuverslananna Next og Noa Noa rekur félagið Skífuna, BT og Sony Center. Next hefur sérstaklega styrka stöðu á íslenskum fatamarkaði. Verslunin mældist til að mynda í fjórða sæti yfir þau fyrirtæki sem draga fólk að Kringlunni, samkvæmt nýlegri könnun Kringlunnar. Þar kemur verslunin á eftir Vínubúð ÁTVR, Bónus og Hagkaupum.

Ragnhildur Anna Jónsdóttir er framkvæmdastjóri og annar eigenda Árdegis. Hún hefur verið viðloðandi tiskubransann frá því hún var barn. Foreldrar hennar ráku verslanirnar Poppúsið og Buxnaklaufina sem voru vinsælar tískuverslanir í miðbæ Reykjavíkur á sínum tíma. Hún segir íslenska tiskumarkaðinn hafa tekið stakkaskiptum á stuttum tíma. „Við byrjuðum fyrir átta árum með eina Noa Noa-verslun. Við náðum strax að stimpla okkur vel inn því á þessum tíma var lítið af fatnaði til sem hentaði konum 25 ára og eldri, sem ekki voru mjög grannar. Samkeppnin er síðan orðin mun harðari. Í dag er nauðsynlegt að vera á tánum því það eru margir að gera góða hluti á markaðnum. Maður þarf því að vera vak-



**EIGENDUR ÁRDEGIS** Sverrir Berg Steinarrson og Ragnhildur Anna Jónsdóttir eru eigendur Árdegis sem rekur verslanirnar Next og Noa Noa. MARKAÐURINN/VALLI

inn og sofinn yfir rekstrinum, allan ársins hring.“

Þá segir Ragnhildur íslenska markaðinn ekki síst sérstakan fyrir það hversu nýjungagjarnir Íslendingar eru. „Við erum ekki nema þrjú hundruð þúsund manna þjóð og við viljum helst ekki öll vera eins. Það þýðir ekki annað fyrir verslunareigendur en að vera meðvitaðir um þetta. Þeir þurfa alltaf að vera á hlaupaskónum.“

#### MARTA ÁRNADÓTTIR

Systurnar Marta og Helga Árnadætur eru eigendur félaganna VM og MH sem reka verslanirnar Vero Moda, ONLY, Vila, Jack & Jones, Selected, Exit og Outfitters Nation. MARKAÐURINN/VILHELM



## Alltaf á tánum

Systurnar Marta og Helga Árnadætur eru stjórnendur og eigendur VM ehf. og MH ehf. Þær eru dætur Margrétar Jónsdóttur, sem opnaði fyrstu Vero Moda-verslunina á Íslandi árið 1993. Í dag reka fyrirtækin dömumverslanirnar Vero Moda, ONLY og Vila, herrafataverslanirnar Jack & Jones og Selected og barnafataverslunina EXIT og bætti nú síðast við sig unglingsversluninni Outfitters Nation. Allar verslanirnar falla undir danska móðurfélagið Bestseller, sem Margrét hóf viðskipti við strax við stofnun fyrirtækis síns fyrir rúmum þrjátíu árum, fyrst með verslanirnar Sonju og Taxi.

„Frá stofnun fyrirtækisins hefur markmiðið verið að bjóða vandaða

tískuvöru á mjög hagstæðu verði. Við skynjum í verslunum okkar að við náum til mjög breiðs hóps, enda úrvalið mjög fjölbreytt og hvert merki um sig sérhæfir sig í mismunandi markhópum,“ segir Helga.

Þær systur eru sammála um að samkeppnin á íslenska tiskumarkaðnum sé virk. „Hér á landi er mikið framboð af glæsilegum verslunum, þannig að það er mikil samkeppni. Það er eingöngu af hinu góða og heldur okkur á tánum. Svo lítum við ekki síst á erlendan markað sem okkar helsta samkeppnisaðila.“ Þær segjast alveg eins eiga von á að fleiri verslanir bætist í hópinn þegar fram líða stundir. „Það mun framtíðin leiða í ljós. Við þróumst áfram með Bestseller.“

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Fjárlagafrumvarpið er mikilvægt innlegg í hagstjórnina.

## Ríkisstjórnin haldi fast um budduna

Björgvin Guðmundsson

Það er verðugt verkefni hverrar ríkisstjórnar að ætla sér að beita fjárlögum sem hagstjórnartæki. Hagfræðingar hafa deilt um hvort það sé hreinlega æskilegt vegna kerfisbundinna seinkana í ákvarðanatöku. Þegar nauðsynlegt sé að auka ríkisútgjöld taki framkvæmdin svo langan tíma að innspýtingin komi fram í uppsveiflu sem auki enn frekar á sveiflu í hagkerfinu. Því hafi ríkisvaldið í raun lítið hlutverk annað en að halda sjó og takmarka aukningu ríkisútgjalda á milli ára.

Þessu eru stjórnálagmenn auðvitað ósammála. Þegar Árni Mathiesen fjármálaráðherra kynnti fjárlagafrumvarp ársins 2008 á mánudag sagði hann það hafa tekist að beita ríkissjóði með réttum hætti í hagsveiflu undanfarinna ára. „Þó að þessi hugmyndafræði hafi verið í gangi lengi er þetta sennilega í fyrsta skipti sem okkur raunverulega tekst þetta, og höfum raunverulega haft svigrúm til þess að draga saman þegar umsvifin eru mikil, og bæta í þegar umsvifin hafa minnkað.“

Gífurlegur þrýstingur er á ríkisstjórnina að auka ríkisútgjöldin nú þegar einhverjir telja samdrátt í efnahagslífinu blasa við. Oftast er horft til landsbyggðarinnar og aflasamdráttar þegar þau rök eru reifuð. Þessu þarf fjármálaráðherra að standa gegn og lofa hans fyrstu viðbrögð góðu. Vissulega aukast ríkisútgjöldin nokkuð mikið milli ára, og mætti stíga enn fastar á bremsuna, enda kallar pólitískur veruleiki á auknið fjármagn í tiltekin verkefni.

Björn Rúnar Guðmundsson, forstöðumaður greiningardeildar Landsbanka Íslands, bendir líka á í grein í Markaðnum að næsta stóriðjuuppsveifla sé handan við hornið. Hann vill meina að ákveðin þjóðfélagsbreyting hafi orðið með tilkomu aðflutts vinnuafls. Í raun sé um kerfisbreytingu að ræða þar sem framboðshlið og eftirspurnarhlið hagkerfisins hafi hliðrast til. Hin réttu hagstjórnarviðbrögð séu ekki endilega auknið aðhald Seðlabankans með háum stýrivöxtum eins og ef um hefðbundna hagsveifluþenslu væri að ræða.

Það kann að vera að gagnrýni á stefnu Seðlabankans eigi að einhverju leyti rétt á sér. Hins vegar verður ríkisstjórnin að axla meiri ábyrgð við þessar aðstæður. Fjárlagafrumvarpið gegnir þar mikilvægu hlutverki. Því er mikilvægt, sem fjármálaráðherra boðar, að ríkissjóður verði rekin með miklum tekjuafgangi. Það gefur ákveðin skilaboð um aðhald í ríkisrekstrinum og að ríkisstjórnin ætli að leggja á sveif með Seðlabankanum í baráttu við verðbólguna. Það er nauðsynlegt enda hafa ríki og sveitarfélög stundum verið stíkkfrí í þeirri umræðu og sjónir manna beinst að Seðlabankanum einum.

Besta aðhaldið til að takmarka umsvif ríkisins er að minnka tekjuflæði í ríkissjóð. Því er fagnaðarefni að bæði fjármálaráðherra og forsætisráðherra hafa ljáð máls á því að svigrúm til skattalækkana er fyrir hendi. Stórukin umsvif í hagkerfinu hafa gert það að verkum að tekjur ríkisins hafa aukist gríðarlega undanfarin ár. Sjálfsagt er að fólkíð í landinu fái að njóta góðrar stöðu ríkissjóðs og haldi meiru eftir í launumslaginu um hver mánaðamót. Almennar aðgerðir í þá áttina eru mun æskilegri en sértækar sem beinast að ákveðnum hópum.

Í nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að jafnvægi náist í hagkerfinu hraðar en margir hafa spáð. Þetta sjónarmið endurspegladist í stefnuræðu Geirs Haarde á Alþingi í gærkvöldi. Sagði hann flest benda til að sú þensla sem einkennt hefur íslenskt efnahagslíf á síðustu tveimur til þremur árum væri á undanhaldi. Fram undan væri tímabil aukins stöðugleika og meira jafnvægis í þjóðarþúskaðum. Það væri mjög af hinu góða jafnvel þótt það þýddi minni hagvöxt um hríð en verið hefur undanfarin ár.

Mikilvæg forsenda fyrir því að þessi spá forsætisráðherra gangi eftir er að vel verði haldið um buddu ríkisins. Miðað við áherslur Geirs Haarde og Árni Mathiesen er ekki ástæða til að efast um að það verði tryggt.

bjorgvin@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is | olrik@markadurinn.is

# MARKAÐURINN

# Einfalt

# mál

með Fréttablaðinu alla miðvikudaga



# Ekkert hlé í auglýsingu

ORD Í BELG

**Björn Rúnar Guðmundsson**  
hagfræðingur,  
forstöðumaður  
greiningardeildar  
Landsbanka Íslands



Efnahagsfrumvindan hér innlands ber enn öll merki mikilla umsvifa. Landsframleiðsla á fyrri helmingi ársins jókst um 1,3% að raungildi á milli ára og einkaneysla um 1,4%. Á sama tíma fjölgaði íbúum hér á landi um 2,3%. Fjárfesting dróst aftur á móti saman um 18% og munar þar mestu um þær stóriðjuframkvæmdir sem nú er um það bil að ljúka. Lok framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun og álverið í Reyðarfirði hafa frestast um nokkra mánuði og því hafa áhrif stóriðjuframkvæmdanna varað nokkuð lengur en reiknað hafði verið með. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði er enn mikil og ekkert útlit fyrir að um hægist í þeim efnunum í bráð.

Tölur um atvinnuleysi bera með sér að spennan á vinnumarkaði sé enn mikil. Í ágúst var skráð atvinnuleysi einungis 0,9% sem er með því lægsta sem mælt hefur undanfarna áratugi. Eftirspurn eftir vinnuafli er mikil í nánast öllum atvinnugreinum og ekki að sjá að úr henni dragi á allra næstu misserum. Eins og við er að búast hefur þenslan á vinnumarkaði haft í för með sér töluvert launaskrá. Samanburður launavísitölu og launakostnaðarvísitölu sýnir hins vegar að breytt samsetning fólks á vinnumarkaði hefur dregið úr vexti launakostnaðar.

Við þessar aðstæður er ekki að undra að verðbólguþrýstingur sé enn til staðar. Í byrjun ársins spáði greiningardeild Landsbankans því að verðbólga á þessu ári yrði innan við 2% frá upphafi til loka ársins. Sú spá gekk ekki eftir þrátt fyrir að gengi krónunnar hafi styrkst eins og gert hafði verið ráð fyrir. Í fyrsta lagi skilaði lækkun virðisaukaskatts á matvælum úr 14% í 7% hinn 1. mars sér ekki að fullu inn í verðlagið. Upphaflega var búist við að VSK-lækkunin myndi leiða til rúmlega 2% lækkunar á verðlagi en reyndin varð hins vegar sú að verðlag lækkaði einungis um 1,4%. Í annan stað hækkadi fasteignaverð h Pratt á fyrri hluta ársins og í þriðja lagi virðist sem styrking á gengi krónunnar á fyrstu mánuðum ársins hafi ekki skilað sér nema að hluta inn í verðlagið. Niðurstaðan er því sú að frá áramótum hefur vísitala neysliverðs hækkad um 3,9% og stefnir verðbólga á ár því upp fyrir 5%, umtalsvert hærra en spár okkar í ársbyrjun gerðu ráð fyrir.

### ALÞJÓÐLEGUR VINNUMARKAÐUR

Engum dylst, sem hér hefur fylgst með þróun þjóðfélags- og efnahagsmála, hversu gífurleg breyting hefur orðið á samsetningu mannfjöldans á síðustu árum. Í upphafi hagsveiflunnar árið 2002/2003 voru 10.200 útlendingar búsettir hér á landi og þar

af var stór hluti starfandi í fiskvinnslu. Í júlí síðastliðnum var talan 21.200 og hlutur útlendinga í vinnuaflinu var kominn í 10% sem er býsna hátt á alþjóðlegan mælikvarða. Tölur um fólksfjölda bera þessari breytingu einnig vitni og hefur þjóðinni fjölgað hlutfallslega meira í þessari uppsveiflu en dæmi eru um í langan tíma.

Að baki þessari þróun býr að sjálfsögðu mikil eftirspurn eftir vinnuafli vegna mikilla umsvifa í efnahagslífinu. Ekki aðeins eru umsvifin mikil, þau beinast í ríkið mæli að atvinnugreinum þar sem vinnuafslnotkun er tiltölulega mikil eins og t.d. í byggingariðnaði og tengdum iðngreinum. Á sama hátt hafa hækkandi ráðstöfunartekjur aukið eftirspurn eftir þjónustustarfsemi af ýmsum toga sem erfitt hefur verið að manna með innlendu vinnuafli.

Þessi alþjóðavæðing á vinnumarkaði, sem hér hefur átt sér stað, er á engan hátt bundin við Ísland. Þvert á móti má sjá þessi einkenni víðast hvar í iðnríkjunum í kjölfar aukins frelsis og hratt vaxandi alþjóðavæðingar og hafa íslensk fyrirtæki lagað sig að þessum nýju aðstæðum með miklum hraða. Í síðustu hagsveiflu, sem lauk árið 2002, mátti greina sterk áhrif innflutts vinnuafls, sérstaklega í byggingariðnaði á árunum 1999/2000 þegar þenslan var í hámarki. Þegar síðan dró úr efnahagsumsvifum á árunum 2001–2003 hægði verulega á innstreymi erlends vinnuafls.

Nú er útlit fyrir að annað verði upp á teningnum. Í fyrsta lagi virðist sem eftirspurn eftir vinnuafli verði áfram mikil þó að umfangsmestu framkvæmdunum í tengslum við stóriðjuna sé um það bil að ljúka. Hagspá Landsbankans fyrir næstu þrjú ár gerir ráð fyrir því að þegar á næsta ári aukist fjárfesting á nýjan leik eftir mikinn samdrátt á þessu ári. Ekki aðeins er reiknað með áframhaldandi stóriðjuframkvæmdum heldur liggur fyrir að fjárfesting í íbúðarhúsnæði verður áfram mikil auk þess sem umfangsmiklar opinberar framkvæmdir standa fyrir dyrum. Þessu til viðbótar má nefna stór verkefni á vegum einkaaðila sem koma til með að standa yfir allt spátímabilið. Það er því ekki að sjá að mikill samdráttur verði í vinnuafleiftirspurn á næstu árum heldur þvert á móti höfum við gert ráð fyrir því að árleg aukning vinnuafls á

næstu tveimur til þremur árum verði áþekkt og verið hefur síðustu tvö árin.

Hér birtast í raun samfélagsleg og efnahagsleg umskipti sem Íslendingar hafa ekki upplifað áður. Svo virðist sem stór hluti, jafnvel meirihluti, þeirra útlendinga sem hingað hafa komið hyggtist taka hér upp fasta búsetu. Eftirspurn eftir fasteignum og fjölgun barna af erlendum uppruna í skólum landsins bendir eindregið til þess að svo sé. Verði þetta raunin má líkja þessu við varanlega hliðrun á framboðs- og eftirspurnarhlið hagkerfisins í átt til aukinnar framleiðslugetu. Hvort breytingu af þessum toga fylgi jafnframt jákvæð framleiðniáhrif skal ósagt látið en óneitanlega kallar jafn róttæk breyting á grunngerð samfélagsins á töluvert rask á meðan hún gengur yfir.

Þjóðfélagsbreytingum af þessu tagi fylgja óhjákvæmilega mikil umsvif sem erfitt getur verið að aðgreina frá hefðbundinni hagsveiflu. Sennilega hafa áhrifin verið mest á fasteignamarkaði þar sem skortur á virkum leigumarkaði hér á landi kemur í veg fyrir að þeir sem koma nýir inn á markaðinn geti fundið sér tímabundna búsetu í leiguhúsnæði, þar til endanlega kemur í ljós hvort um fasta búsetu verður að ræða.

Hingað til hefur verið gengið út frá því að erlent vinnuafli hafi fyrst og fremst gegnt því hlutverki að milda áhrif uppsveiflunnar á vinnumarkaði og halda aftur af launaskriði, sérstaklega í byggingariðnaði. Að lokinni uppsveiflu myndi þetta vinnuafli síðan hverfa af landi brott og áhrif þess að mestu fjara út og því jafnvægi myndast í hagkerfinu. Nú virðist sem framvindan verði allt önnur. Í fyrsta lagi liggur nú ljóst fyrir að næsta stóriðjuuppsveifla er handan við hornið og því ljóst að þörf fyrir aðflutt vinnuafli er áfram til staðar. Í annan stað þarf að reikna með áhrifum af því að stór hluti erlends vinnuafls taki hér upp fasta búsetu og ílendist hér til frambúðar. Slíkt kallar á ýmiss konar framkvæmdir, að hluta í samfélagslegum innviðum sem stjórnvöld verða að taka með í reikninginn.

Hin réttu hagstjórnarviðbrögð við þessum aðstæðum eru því ekki endilega auknið aðhald í peningamálum eins og ef um hefðbundna hagsveifluþenslu væri að ræða. Taka þarf með í reikninginn þá auknu framleiðslugetu sem þessum breytingum fylgja. Ákveðinn sveigjanleiki frá strangt skilgreindu verðbólgu-markmiði getur því verið réttlætunlegur við þær óvenjulegu aðstæður sem nú er við að glíma. Að þessu verða stjórnvöld, og þeir sem stýra peningamálunum, að huga við mótun hagstjórnar.

### UM VÍÐA VERÖLD

#### Skóðinn á góðri keyrslu

**Business Week** | Það er langt um liðið síðan eigendur Skóðabíla þurftu að hafa verkferðastu með helstu tólum og tækjum meðferðis á ferðalögum ef svo illa færi að bíllinn bilaði. Sem brást ekki hér áður fyrr. En nú er tíðin önnur, ef marka má nýjasta tölublað vikuritsins BusinessWeek sem bendir á að samstarf hins tékneska Skóðaframleiðanda við hina þýsku Volkswagen og miklar fjárfestingar í betrubótum á bílum fyrirtækisins hafi skilað sér í geysiflottri sjálfrennreið sem sitji ofarlega á lista yfir mest seldu bíla í Norður- og Austur-Evrópu. Þá hefur Skóðinn sótt mjög í sig veðrið í Asíu á árinu, að sögn blaðsins. Ástæðan fyrir þessari stórsókn á helstu markaðssvæðum er lágur verðmiði á bílum undir merkjum Skóðans, sem þykir ódýr glæsibíll.

#### Lána sem aldrei fyrr

**Guardian** | Stjórnendur breska fasteignalánafyrirtækisins Northern Rock neita að verða við óskum yfirvöldum í Bretlandi og draga úr útlánum til viðskiptavina, sem geta fengið allt upp undir sexföld árslaun sín að láni hjá bankanum. Þetta er þvert á stefnu annarra fjármálafyrirtækja í Bretlandi, sem hafa flest hver hert útlánareglur sínar til muna. Northern Rock lenti illa í því á dögnum þegar stjórnendur bankans lýstu því yfir að þeir hefðu fengið vilyrði fyrir neyðarláni frá Englandsbanka til varnar lausafjárþurrð. Fyrirtækið hefur fengið átta milljarða punda, jafnvirði þúsund milljarða króna, að láni frá Englandsbanka og stefnir allt í að það fari upp í tíu milljarða á næstu dögum.

## STARFSMANNAMÁL

## Launahækkun og vináttan

Fæstir slá hendinni á móti launahækkun sem meðal annars gæti falið í sér bættan lífsstíl og meiri gæðattíma með fjölskyldu og vinum. Könnun sem gerð var í Bretlandi á vegum bresku samtakanna Friends Reunited og stóð yfir í eitt ár leiðir í ljós að fjárhagur hefur áhrif á vináttu og getur jafnvel skemmt hana þegar samkeppnin tekur völdin á meðal vina. Könnunin sýnir hvernig tekjur heimilis hafa áhrif á vináttu og hún sýnir mun á hegðun karla og kvenna eftir efnahag.

Þátttakendur voru spurðir hvernig þeir myndu bregðast við ef vinur fengi stöðuhækkun og færðist ofar en þeir í metorðastigann. Tveir af hverjum fimm karlönnum með tekjur á bilinu 80 til 90 þúsund pund sögðust myndu láta vininn róa. Karlmennirnir voru mun líklegri en konur til að fórna vinunum. Þeir sem höfðu tekjur yfir 90.000 pundum voru hins vegar líklegri til þess að samgledjast vini yfir hans árangri.

Í könnuninni kemur fram að algengt er að ójafnvægi skapist á vinnustað þegar notast er við innri ráðningar og almennur starfsmaður er ráðinn sem yfirmaður. Þá verður meira um uppsagnir þeirra sem fyrir eru og finnst framhjá sér gengið. Einnig eiga starfsmenn erfiðara með að skila skýrslum til fyrrum samstarfsmanns sem verður þeirra yfirmaður. Minna virðist um slík vandamál við ytri ráðningar, þar sem yfirmaður er t.d. ráðinn í gegnum auglýsingu.

Munur er á svörum eftir aldri þátttakenda. Karlmenntil 25 ára aldri eru líklegastir til að ræða launamál við vini og kunningja – 70 prósent segjast spyrja vini um upphæð launa og 90 prósent segja frá eigin launaupphæð. Þessar tölur minnka stórlega með aldri og 13 prósent karla eldri en 65 ára segjast ræða launamál og 50 prósent myndu gefa upp upphæð launa ef þeir væru spurðir.

Jafnframt voru þátttakendur spurðir hvernig þeir kæmu til móts við vin í helgarferðalagi sem hefði úr minni launum að spila en þeir. Þriðjungur karlmanna réttir hjálparhönd í formi peninga eða greiðslna en aðeins ein af hverjum fimm konum gerir slíkt hið sama. Eldri menn eru mun örlátari. Þeir sem voru eldri en 56 ára voru helmingi líklegri til að koma til móts við vin fjárhagslega en konur á sama aldri.

Örlettið eykst þó ekki með hærri tekjum, en þeir sem höfðu minnstu tekjurnar, eða 30.000 pund eða minna, voru líklegri (einn af hverjum fjórum) til að borga fyrir vin en sá sem hafði tvöfalt eða þrefalt hærri tekjur. Þegar tekjur fóru yfir 150.000 pund voru þátttakendur hins vegar líklegri til að borga fyrir vini sem höfðu minna að spila úr.

Þrátt fyrir ofangreind viðbrögð vina við launum og stöðuveitingum er gott að vita til þess að 99 prósent af þátttakendum sögðust hjálpa vini sem missir vinnuna og lendir í vandræðum, með því að bjóða honum aðstoð.

(Heimild: [www.onrec.com](http://www.onrec.com))

Sif Sigfúsdóttir,  
markaðsstjóri viðskipta- og  
hagfræðideildar HÍ og  
stundakennari við HÍ.



TILBOÐ  
1/3 A4  
DREIFIMIÐAR  
Í LIT 250<sup>STK.</sup>  
AÐEINS

6.555<sup>KR/PK</sup>

Verð án  
VSK



Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. Tilboð gilda frá 29. sept. - 31. okt. 2007.

## SMÁA LETRID&gt;

VIÐ GETUM EKKI SÉÐ ALLT FYRIR ÞAÐ ÞÝÐIR AÐ HUGMYNDAVINNA, TEXTAGERÐ OG GRAFÍSK HÖNNUN ERU EKKI INNIFALDAR Í VERÐI EN OKKUR FINNST GAMAN AÐ VINNA PETTA MEÐ PÉR.

SKOÐUN GAGNA SEM SEND ERU TIL OKKAR ER HELDUR EKKI INNIFALIN Í VERÐI. VIÐ SENDUM EKKI FRÍTT EN PÉR ER AUÐVITAD VELKOMIÐ AÐ SÆKJA VÖRUNA TIL OKKAR OG FÁ PÉR KAFFIBOLLA Í LEIÐINI!



## Til leigu eða sölu



### Sundaborg 8 & 11-15, Reykjavík

Samtals 2802 m<sup>2</sup>

Verslunar- og lagerhúsnæði á jarðhæð og í sjálfstæðri skemmu.

Skrifstofuhúsnæði á 2. hæð.

Ástand húsnæðis mjög gott.

Staðsetning í nágrenni við Sundahöfn.

Frábært útsýni.



### Kaplahraun 2-4, Hafnarfirði

Samtals 2362 m<sup>2</sup>

Vöruskemma. Límtré. Grunnflötur 2268 m<sup>2</sup>

Milliloft. Skrifstofur og starfsmannaaðstaða 93 m<sup>2</sup>

Lofthæð rúmir 8 m undir bita í mæni

Engir burðarveggir eða súlur inni í húsinu.

Frábær staðsetning, stór lóð og gott útisvæði 7494 m<sup>2</sup>

Möguleiki á viðbótarbyggingarétti.

Hafðu samband í síma 899 2950 eða með tölvupósti á [olafurkr@internet.is](mailto:olafurkr@internet.is) og fáðu nánari upplýsingar eða pantaðu skoðun.

# AKSO fasteignir

# Er hæstánægður með höfuðstöðvarnar

Einar Einarsson, forstjóri Marel Food Systems í Bandaríkjunum, var hæstánægður með nýju höfuðstöðvarnar þegar hann settist niður með *Jóni Aðalsteini Bergsveinssyni* á meðan viðskiptavinir virtu fyrir sér nýjustu tækin frammi í sýningarsalnum.

Þetta er stór dagur," segir Einar Einarsson, forstjóri Marel Food Systems í Bandaríkjunum, gláður í bragði þar sem við höfum tyllt okkur niður í einu af afdrepunum fyrir starfsfólk í nýjum höfuðstöðvum fyrirtækisins í Kansas. Þær voru opnðar formlega fyrir slétri viku.

Einar getur vissulega verið ánægður enda höfuðstöðvarnar hinar glæsilegustu og margt þar að finna sem ekki tíðkast hjá fyrirtækjum vestanhafs. Eitt af því er afdrepið, en í Bandaríkjunum er slík hvíldaraðstaða almennt talin draga úr afköstum starfsfólks fremur en að blása því kappi í kinn eftir smáhvíld. Mér er sagt að þetta sé flutt vestur um haf frá Íslandi. Fleira kemur yfir Atlantshafið, svo sem loft-hæðin, en talsvert er hærra til loftis í höfuðstöðvunum en alla jafna í bandarískum fyrirtækjum. Marel Food Systems er jafnvel meira umhugað um starfsmennina. Þeir sem rætt var við fullyrtu að þeir fengju betri tryggingar en gengur og gerist.

#### HJARTAÐ Í SÝNINGARSALNUM

Ein af helstu nýjungunum í höfuðstöðvum

Marel Food Systems er sýningarsalur þar sem viðskiptavinum gefst kostur á að prófa tæki fyrirtækisins við sem raunverulegastar aðstæður. Einar segir að þótt önnur fyrirtæki vestanhafs, sem þó séu sárafá, búi yfir slíkum sal, muni hann skipta sköpum fyrir gengi fyrirtækisins. Marel Food Systems hafi fram til þessa sent tæki á vörusýningar víða um land auk þess sem heilu línurnar hafi verið settar upp í verksmiðjum viðskiptavina til að sýna virkni þeirra við raunverulegar aðstæður. Nú sé hægt að breyta um áherslur. „Ef við setjum upp línur í verk-smiðjum er misjafnt hvernig tekst til," segir hann og bætir við að stundum séu uppsetningar á vélum til sýnis í verk-smiðjum ekki nógu vel heppnaðar því margt trufla kynningararnar. „En hér höfum við þá [viðskiptavinina] í friði og getum farið í gegnum allt ferlið með þeim óáreittir. Í rauninni ætti sólunni að ljúka hérna hjá okkur líka," segir Einar en flogið verður með viðskiptavini til höfuðstöðva Marel í Lenexa í Kansas í stað þess að flytja niðþungan tækjabúnað víðs vegar um land til uppsetningar í sýningarskyni.



**EINAR EINARSSON** „Það hefur alltaf verið mikil áhersla lögð á vörubrúun hjá Marel. Viðskiptavinir okkar geta verið vissir um að við séum alltaf með eitthvað nýtt," segir forstjóri Marel Food Systems.

Einar segir það margborga sig að fá viðskiptavini fyrirtækisins til höfuðstöðvanna í Kansas í stað þess að flytja heilu línurnar landshorna á milli. Í fyrsta

## VOLVO S40. BARA FYRIR VISTHÆFT FÓLK.

### Nýr Volvo S40

Komdu í Brimborg í dag



Hönnun Volvo S40 er dæmi um fallega stærðfræði. Fegurðin kristallar þau lífsgæði sem hönnuðir Volvo hafa að leiðarljósi. Þrjú kjöroró endurspegla þá velferð sem Volvo stefnir að: Gæði, Öryggi, Umhverfi. Stuðlaðu að eigin velferð. Veldu visthæfan bil fyrir þig og þína. Komdu í Brimborg. Veldu lúxus. Veldu Volvo S40.

#### Visthæfustu Volvo S40:

Volvo S40, dísil 109 hö, 1,6 lítra, CO2 129 g/km, eyðsla 4,9 l/100km, verð frá 2.925.000 kr.

Volvo S40 FlexiFuel (lífetanól E85 eða bensín), 125 hö, 1,8 lítra, CO2 (E85) 80% minni losun koltvísyrings, eyðsla (E85) 10,4 l/100 km, verð enn óákveðið.

Volvo S40, bensín 100 hö, 1,6 lítra, CO2 171 g/km, eyðsla 7,2 l/100km, verð frá 2.695.000 kr.

Komdu í Brimborg. Veldu lúxus. Veldu Volvo S40.

  
visthæf skref  
með Brimborg

Farðu á [brimborg.is](http://brimborg.is)  
og þú ert kominn af stað

lagi sé það talsvert ódýrara auk þess sem slit á tækjum minnki til muna. „Við erum að íhuga það alvarlega að draga úr vörusýningum og færa markaðsstarfið í sýningarsalinn,“ segir Einar. Bæði hefur sýningunum fækkað og fyrirtækjum og gestum fækkað sem sækja slíkar sýningar enda hafa samrunar valdið því líkt og í öðrum iðngeirum að fyrirtækin eru færri en stærri. Hann segist vænta þess að breytingin muni skila

verulegum ávinningi. „Við viljum fylgja þessu eftir og mæla árangurinn,“ segir hann.

#### MIKLU VARIÐ Í VÖRUPRÓUN

Athyglisvert er hversu áhugasamir Marelmenn eru um eigin vörur; þeir bókstaflega hætta ekki að horfa á það sem betur má fara. Áhuginn smitar út frá sér, ekki síst til viðskiptavina. „Það hefur alltaf verið mikil áhersla lögð á vörupróun hjá Marel. Það er lykilhugtak í sögu okkar,“

segir Einar og bendir á að fyrirtækið einbeiti sér að því að gera ávallt betur og hafi um árabil varið sex til átta prósentum af tekjum félagsins í vörupróun. „Við höfum aldrei hvíkað frá því en það þýðir að viðskiptavinir okkar geta alltaf verið vissir um að við séum alltaf með eitthvað nýtt,“ segir hann og bætir við að með sýningarsalnum í nýju höfuðstöðvunum sé enn frekar verið að undirstrika að hlutirnir gerist hjá Marel Food Systems.

## Bylting í beinaleit

Stjórnendur og tæknimenn hjá Marel Food Systems binda miklar vonir við beinaleitarvélinu SensorX. Einar segir tæki sem þessi mikilvæg í matvælaíðnaði í dag. Bæði vilji fólk helst ekki finna smæstu bein í fiski auk þess sem gæðakröfur í Bandaríkjunum beinlínis kveði á um mikil gæði á kjötvörum. Ekkert bein eða annað megi finna í matnum.

Hann segir nýja beinaleitar-tækið standa svipuðum vélum



BEINALEITARVÉLIN SKOÐUÐ

langtum framar. „Það eru nokkrar samkeppnisvélar á markaðnum. En við höfum sýnt fram á að við erum með bestu vélina.

Ég held að næsta ár verði stórt í beinaleit í kjúklingi og þar erum við komin í lykilstöðu,“ segir hann.



GULLVOTTUNIN STAÐFEST Per Falck Jensen, framkvæmdastjóri hjá AppliCon A/S, Jens Bager, framkvæmdastjóri hjá SAP A/S, og Kristján Jóhannsson, framkvæmdastjóri AppliCon.

## AppliCon gullvottað

Dýski hugbúnaðarframleiðandinn SAP hefur veitt fyrirtækinu AppliCon gullvottun, en af um þrjátíu samstarfsfyrirtækjum SAP á Norðurlöndum hafa aðeins tvö náð þeim áfanga áður.

AppliCon, sem er alþjóðlegt fyrirtæki með höfuðstöðvar hér á landi, fær gullvottun SAP fyrir framúrskarandi árangur í sölu, þjónustu og þróun á SAP-lausnum, að því er fram kemur í tilkynningu. SAP hefur þróað og framleitt viðskiptahugbúnað í 35 ár og er einn stærsti framleiðandinn á því sviði á heimsvísu. Fyrirtækið styðst við net samstarfsaðila og veitir þeim vottun í samræmi við þekkingu innan fyrirtækjanna og árangur. Gull-

vottun er efsta stig vottunar-kerfis SAP.

Um þessar mundir eru tíu ár frá því SAP-lausnir hófu innreið sína hér, en í október 1997 var stofnuð deild innan Nýherja með það fyrir augum að bjóða upp á SAP-lausnir. Deildin var hluti af hugbúnaðarsviði sem síðar var skilið frá Nýherja og fékk nafnið AppliCon árið 2005 í kjölfar þess að Nýherji keypti danska SAP-ráðgjafafyrirtækið AppliCon A/S. AppliCon rekur skrifstofur hér, í Danmörku, Svíþjóð og Bretlandi. Hjá fyrirtækinu starfa tæplega 200 manns og er áætlað að velta þess á árinu verði um þrjú milljarðar króna.

- Óká



Volvo. For life.



**brimborg**

Öruggur staður til að vera á

# Sparisjóðir í ólgusjó breytinga

SPRON hefur varðað leið annarra sparisjóða í hlutafélagiformið. Nú síðast hafa stofnfjáreigendur í Sparisjóði Svarfdæla samþykkt að stefnt skuli í þá átt og fleiri fylgjast grannt með ferlinu hjá SPRON. Sjóðum fækkar um leið og þeir stækka. Óli Kristján Ármannsson fer yfir stöðuna hjá sparisjóðum landsins þar sem eru miklar hræringar og ólík sjónarmið um framtíðarstefnu.

Um árabíl hefur sparisjóðum landsins fækkað hratt með sameiningum um leið og þeir sem eftir standa hafa eflst. Þá hefur Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis varðað leið þeirra sem svo kjósa inn í hlutafélagsformið. Breytingar þessar eru ekki lausar við átök og deilur og mætti segja sem svo að þar mætist ólík viðhorf þeirra sem halda vilja í heiðri fyrri hugsjónir sparisjóðanna og þeirra sem telja allt umhverfi sparisjóðanna þannig að breytingar verði ekki umflúnar. Í hópi þeirra síðarnefndu eru líka þeir sem fagna breytingunum og segjast sjá í þeim tækifæri.

## ÍPÝNGJANDI REGLUR

Himinn og haf virðist hins vegar skilja menn að. Þannig segist Ari Teitsson, stjórnarformaður Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, telja nánast jafngilda þjófnaði þegar eigið fé sjóða hefur verið fært yfir í stofnfé með aðferðum sem hann telur misjafnar, enda séu menn þar að teygja sig í fjármuni sem þeim hafi aldrei verið ætlaðir. Stærsta dæmið um þetta ferli segir Ari vera SPRON þar sem fyrir fimm árum,

þegar hlutafélagavæðing hafi fyrst verið nefnd, hafi stefnt í að sjálfseignarsjóður sem til yrði ætti 80 prósent í sjóðnum. „Núna eru um 15 prósent eftir,“ segir hann og telur að með þessum hætti flytji fjárfestar verðmæti sem átt hafi að vera sameign yfir til sín. Búast má við hitaumuræðum um þessi mál á aðalfundi Sparisjóðasambandsins 19. þessa mánaðar.

Innan annarra sparisjóða heyrast þær raddir að nauðsynlegt sé að horfa fram á veginn í breyttu umhverfi og harðnandi samkeppni, þar sem aukinheldur sé illmögulegt að standa í vegi fyrir sölu stofnfjár. Háleitar hugsjónir fyrri tíma um sparisjóði sem bakhjarla fólks í heimabyggð séu ekki hagkvæmar í dag. Þá sé rekstur fjármálastofnana sífellt að verða flóknari og kalli á mjög sérhæft og dýrt starfsfólk og undir slíku fái litlir sparisjóðir ekki staðið til lengdar. Í þeim efnum er vísað til alþjóðlegra reglna um neytendavernd, Basel II reglur og reikningskilastaðlar.

Sparisjóðir landsins eru 23 talsins að meðtöldum Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis sem breytt hefur verið í hlutafélag. Talan er þó dálítið misvisandi því

að allmargir sparisjóðir eru í sömu eigu þótt þeir hafi haldið nöfnum sínum. Þá eru allar líkur á að talan verði innan tíðar 22 með samruna Byrs og Sparisjóðs Kópavogs. Samruni hefur þegar verið samþykktur í Kópavogi, en fjallað er um málið á fundi stofnfjáreigenda Byrs í dag. Byr er sameinaður sjóður Sparisjóðs Hafnarfjarðar og Sparisjóðs vélstjóra. Í framhaldinu hefjast svo viðræður milli Byrs og Sparisjóðs Norðurlands um sameiningu og má gera ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram líkt og verið hefur hingað til. Að þessum sameiningum loknum segir Magnús Ægir Magnússon, sparisjóðsstjóri Byrs, að hægt verði að huga að hlutafjárvæðingu sjóðsins, en hún verði skoðuð í fullri alvöru.

## SALA VERÐUR EKKI HINDRUÐ

Þá er Sparisjóður Suður-Þingeyinga til dæmis samsettur úr fimm smærri sjóðum. Sparisjóðurinn í Keflavík og Sparisjóður Ólafsvíkur runnu saman um síðustu áramót og allar líkur eru á frekari samrunum. Þannig munu í næsta mánuði forsvarsmenn Sparisjóðsins í Keflavík, Sparisjóðs Vestfirðinga og Sparisjóðs Húnaþings og



Stranda leggja til á fundi stofnfjáreigenda að sjóðirnir sameinist. Sparisjóðurinn í Keflavík er þegar þriðji stærsti sparisjóður landsins. Þá eru fjórir aðrir sparisjóðir að stærstum hluta í sömu eigu, en Sparisjóður Mýrasýslu á stofnfé Sparisjóðs Siglufjarðar, Sparisjóðs Ólafsfjarðar og Sparisjóðs Skagafjarðar að mestu. Þá er staða Sparisjóðs Mýrasýslu sérstök því að þar gekkst sýslunefnd fyrir stofnun hans og lagði til stofnfé og því ekki um

**Töluverð eftirspurn hefur verið eftir stofnfjárhlutum margra sparisjóða síðustu ár og ræðst áhuginn væntanlega af trú fjárfesta á góðri ávöxtun, hvort heldur það verður á markaði með stofnfé eða eftir hlutafélagavæðingu sjóðanna. Skemmst er að minnast auglýsingar frá félagi að nafni Skandinvest þar sem falast var eftir stofnfjárhlutum í Sparisjóði Norðfjarðar.**





**REGNBOGI Í MOSFELLSDAL** Sagan um gullið við enda regnbogans er lífseig og margir sem þess leita. Með sameiningum og jafnvel breyttu rekstrarformi segjast forsvarsmenn margra sparissjóða geta aukið virði þeirra og hagkvæmni. Talsmenn fyrri hugsjóna í rekstri sparissjóðanna segja hins vegar að þeir hafi aldrei átt að vera „gróðafyrirtæki“ heldur hafi reksturinn einungis átt að miða að því að bera sig um leið og sjóðurinn væri bakhjarl fólks í sinni heimabyggð.

MARKAÐURINN/GVA

stofnfjárluta um að selja eigi stjórnir sjóða bágt með að banna mönnum að selja, en til sölnunnar þarf þó samþykki stjórnar. „Menn skipta þá bara út stjórninni á næsta aðalfundi,“ segir hann, en kveður lítinn þrýsting hafa verið í þá átt hjá Suður-Þingeyingum til þessa. „Helsta vörn sparissjóða í þessum efnum er að fjölga stofnfjäreigendum,“ segir Ari, en með þeim hætti eru lægri upphæðir í boði fyrir hlut hvers og eins og því minni þrýstingur á að selja.

Ljóst er að ekki sér fyrir endann á hræringum í hópi sparissjóða og þess skemmst að minnast að fjölmennur fundur eigenda stofnfjár í Sparissjóði Svarfdæla samþykkti með yfirgnæfandi meirihluta að fela stjórn sjóðsins undirbúning að breytingu hans í hlutafélag. Jóhann Antonsson, stjórnarformaður sjóðsins, segir að við taki eiginleg undirbúningsvinna, en þar hefur verið ákveðið að fjölga ekki í hópi stofnfjäreigenda. Til verður sjálfseignarstofnun sem aftur verður hluthafi í sparissjóðnum, en eignir og arður þeirrar stofnunar verða bundin líknar- og menningarmálum á starfssvæði sjóðsins, Dalvíkurbyggð og Hrísey. Aðrir hluthafar verða núverandi stofnfjáraðilar sem fá hlutabréf í stað stofnfjárluta. Jóhann býst við að formleg breyting geti gengið í gegn strax á næsta ári, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Smærri sjóðir fylgjast örugglega vel með hvernig til tekst hjá Svarfdælum,

það að ræða að stofnfé sé í eigu sveitarfélaga.

Töluverð eftirspurn hefur verið eftir stofnfjárlutum margra sparissjóða síðustu ár og ræðst áhuginn væntanlega af trú fjárfesta á góðri ávöxtun, hvort heldur það verður á markaði með stofnfé eða eftir hlutafélagavæðingu sjóðanna. Skemmst er að minnast auglýsingar frá félagi að nafni Skandinvest þar sem falast var eftir stofnfjárlutum í Sparissjóði Norðfjarðar. Sam-

kvæmt heimildum Markaðarins skilaði sú umleitun þó engu. Líkur eru á að menn haldi víða að sér höndum og fylgist með þróuninni. Þannig er til dæmis unnið að stofnun rafræns markaðar með stofnbréf hjá Sparissjóði Bolungarvíkur og ólíklegt að mikil hreyfing verði á bréfum þar fyrir en að því ferli loknu.

Ari Teitsson, stjórnarformaður Sparissjóðs Suður-Þingeyinga, segir þó ljóst að myndist þrýstingur innan eigendahóps

#### SPARISJÓÐIR SEM STARFA UNDIR EIGIN NAFNI

Byr – sparissjóður
Sparissjóður Bolungarvíkur
Sparissjóður Hornafjarðar og nágrennis
Sparissjóður Húnaþings og Stranda
Sparissjóður Höfðhverfinga
Sparissjóður Kópavogs
Sparissjóður Mýrasýslu
Sparissjóður Norðfjarðar
Sparissjóður Norðlendinga
Sparissjóður Ólafsfjarðar
Sparissjóður Ólafsvíkur
Sparissjóður Reykjavíkur og nágrennis
Sparissjóður Siglufjarðar
Sparissjóður Skagafjarðar
Sparissjóður Stramanna
Sparissjóður Suður-Þingeyinga
Sparissjóður Svarfdæla
Sparissjóður Vestfirðinga
Sparissjóður Vestmannaeyja
Sparissjóður Þórshafnar og nágrennis
Sparissjóðurinn Akranesi
Sparissjóðurinn á Suðurlandi
Sparissjóðurinn í Keflavík

enda önnur leið farin en hjá SPRON þar sem fjölgað var verulega og markvisst í hópi stofnfjäreigenda og komið á markaði með stofnbréf áður en ráðist var í breytinguna í hlutafélag. Líklegt verður að teljast að sparissjóðir þar sem komið hefur verið á rafrænum markaði með stofnbréf feti slóð líkari þeirri sem SPRON hefur troðið þegar fram líða stundir. Hins vegar heyrast líka þær raddir að hlutafélagaformið þrýsti ekki svo mjög á takist sparissjóðum á annað borð að efla reksturinn og styrkja með samrunum og samstarfi.

## Þessi fer á þremur mínútum í hundrað

Söludeild Odda var opnuð árið 1985 og fékk síðar nafnið Oddi skrifstofuvörur. Hefur fyrirtækið alla tíð verið leiðandi á markaði fyrir skrifstofuvörur og eftir að Skólavörubúðin bættist í hóp verzlana okkar bjóðum við einnig framúrskarandi úrval af skóla- og hannyrðavörum. Við höfum frá upphafi lagt áherslu á góða og trausta þjónustu og vandaðar, fyrsta flokks vörur.

En það er svo sem ekkert nýtt. Hins vegar heitum við núna A4. Það er nýtt.

**A4**

## BANKHÓLFID



### Forstjóraflétta

Bjarni Ármannsson, fyrrverandi forstjóri Glitnis, hefur fundið sig vel í starfi stjórnarformanns Reykjavík Energy Invest. Það er ekki mikið mál fyrir reynslubolta úr viðskiptalífínu að hoppa á milli starfa sem eru ólík en eiga samt mikið sameiginlegt. Margir eigendur fyrirtækja vildu líka nýta sér krafta Bjarna þegar ljóst varð að hann ætti ekki lengur samleið með hluthöfum Glitnis. Menn innan Icelandair ljáðu meðal annars máls á því hvort hann vildi ekki snúa sér að flugrekstri félagsins. Ekki mun forstjórinn fyrrverandi hafa viljað það en benti á félag sinn, Jón Diðrik Jónsson, fyrrverandi forstjóra Glitnis á Íslandi. Úr því varð ekki. Jón Karl Ólafsson hélt djöbbinu og Jón Diðrik hefur hafið störf fyrir Reykjavík Energy Invest.

### Finnair-fiaskó

Ólíklegt er að fjöldi fólks frá Íslandi, sem var á leið heim frá Nordisk Panorama í Oulo í Finnlandi, sæki fast að fjárfesta í Finnair fljótlega, þar sem FL Group er næststærsti eigandinn á eftir finnska ríkinu. Þegar ferðalangarnir höfðu komið sér þægilega fyrir í sætum Finnair-vélarinnar á leið til Helsinki var ekki hægt að taka á loft. Hurð vélarinnar stóð á sér og lokaðist ekki almennilega. Eftir nokkra seinkun var haldið af stað og klakklaust lent á leiðar enda. Frá Helsinki átti svo að fljúga aftur með Finnair til Kaupmannahafnar. En vélin fór ekki á loft. Nú voru ljós vélarinnar í lamasessi. Þurftu þreyttir farþegar að bíða aftur eftir viðgerð. Ekki fylgdi sögunni hvernig gekk að fljúga síðasta leggin – líklega með Icelandair.

### Mótvægisáðgerðir tefja framfarir

„Mörgum fannst það einkennilegt afturhvarf til fortíðar þegar ríkisstjórnin boðaði „áðgerðir“ í atvinnumálum víða um land,“ segir í Öðrum sálum nýjasta heftis Vísbendingar. Vísað er til áðgerða vegna niðurskurðar fiskveiðheimilda og rifjað upp „sjóðasukk“ fyrri ríkisstjórna. Boðaðar áðgerðir eru engu að síður sagðar skynsamlegar einar og sér, þótt þær hafi líklega lítil áhrif á einstaklinga sem missa vinnu í sjávarútvegi. Fremur en að leita til ríkisstjórnarinnar er í Öðrum sálum hvatt til sjálfsbjargarviðleitni. „Nú er lag að sameina útgerðarfyrirtæki og fækka fiskvinnsluhúsum. Allar mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar verða til þess að tefja nauðsynlegar framfarir í greininni.“

**69** milljarða virði heildarhlutar FL Group í þýska bankanum Commerzbank eftir að hafa aukið við sig í vikunni.

**12** milljarða hagnaður Björgólf Thors Björgólfssonar af sölnunni á búlgarska bankanum EIBank.

**20%** hlutur Atorku í Shanghai Century Acquisition Corp sem skráð er á AMEX-markaðnum í New York eftir kaup undanfarinna vikna.



Gerum það rétt,  
og gott betur

Gutenberg er leiðandi prentfyrirtæki á Íslandi. Við höfum yfir 100 ára reynslu í prentiðnaði og allan þann tíma höfum við lagt áherslu á að vera fremst á okkar sviði. Hver viðskiptavinur fær þá þjónustu sem hann þarfnast hjá Gutenberg. Þarfir hvers og eins eru mismunandi en þú getur verið viss um að fá úrlausn þinna mála hjá okkur.

Sköpun þín verður ápreifanleg hjá Gutenberg

Gutenberg Sími 545 4400  
Suðurlandsbraut 24 Fax 545 4401  
108 Reykjavík www.gutenberg.is



## Safnaðu því sem skiptir máli

Engar aukakrónur, engir punktar, bara alvöruávöxtun.



SPRON Verðbréf  
Peningamarkaðssjóður SPRON  
**15,3% ávöxtun\***

75 ára | spron  
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

\*Nafnvöxtun miðast við 31. ágúst 2006 til 31. júlí 2007, uppreiknað á ársgrundvelli. Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsinga má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is.